

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 29. október 2024

Mál nr. E-1651/2023:

Teppanyaki Iceland ehf. og Borg 16 ehf.

(Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður)

gegn

Matvæla- og veitingafélagi Íslands

(Flóki Ásgeirsson lögmaður)

Dómur

- Mál þetta, sem dómtekið var 2. október 2024, var höfðað 9. mars 2023 af Teppanyaki Iceland ehf. og Borg 16 ehf., báðum til heimilis að Asparhvarfi 17a í Kópavogi, gegn Matvæla- og veitingafélagi Íslands (Matvís), til heimilis að Stórhöfða 31 í Reykjavík.
- Stefnandi Teppanyaki Iceland ehf. krefst þess aðallega að viðurkennd verði með dómi skaðabótaskylda stefnda vegna tjóns sem stefnandi varð fyrir vegna eftirfarandi háttsemi: a) háttsemi starfsmanna á vegum stefnda við vettvangsheimsókn þann 19. ágúst 2022 á veitingastaðinn Flame sem stefnandi rekur; b) útgáfu fréttatilkynningar stefnda sem send var fjölmiðlum 25. ágúst 2022; og c) umfjöllunar starfsmanna á vegum stefnda í kjölfar fréttatilkynningarinnar í fjölmiðlum í tengslum við veitingastaðinn Flame sem stefnandi rekur.
- Til vara krefst stefnandi Teppanyaki Iceland ehf. þess að viðurkennd verði með dómi skaðabótaskylda stefnda vegna tjóns sem stefnandi varð fyrir vegna háttsemi starfsmanna á vegum stefnda við vettvangsheimsókn þann 19. ágúst 2022 á veitingastaðinn Flame sem stefnandi rekur, við útgáfu fréttatilkynningar stefnda sem send var fjölmiðlum 25. ágúst 2022 og umfjöllunar starfsmanna á vegum stefnda í kjölfarið í fjölmiðlum í tengslum við Flame.
- Stefnandi Borg 16 ehf. krefst þess aðallega að viðurkennd verði með dómi skaðabótaskylda stefnda vegna tjóns sem stefnandi varð fyrir vegna eftirfarandi háttsemi: a) útgáfu fréttatilkynningar stefnda sem send var fjölmiðlum 25. ágúst 2022 og varðaði veitingastaðinn Bambus sem stefnandi rekur og; b) umfjöllunar starfsmanna á vegum stefnda í

kjölfar fréttatilkynningarinnar í fjölmiðlum í tengslum við veitingastaðinn Bambus sem stefnandi rekur.

5. Til vara krefst stefnandi Borg 16 ehf. þess að viðurkennd verði með dómi skaðabótaskylda stefnda vegna tjóns sem þessi stefnandi varð fyrir vegna háttsemi starfsmanna á vegum stefnda við útgáfu fréttatilkynningar stefnda sem send var fjölmiðlum 25. ágúst 2022 og umfjöllunar starfsmanna á vegum stefnda í kjölfarið í fjölmiðlum í tengslum við veitingastaðinn Bambus sem stefnandi rekur.
6. Stefnendur gera í öllum tilvikum kröfu um málskostnað úr hendi stefnda að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi.
7. Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnenda. Þá krefst stefndi þess að stefnendur verði sameiginlega dæmdir til að greiða honum málskostnað.

Helstu málsatvik

A

8. A og B opnuðu veitingastaðinn Bambus á Íslandi árið 2013 sem er rekinn í stefnanda Borg 16 ehf. Árið 2020 opnuðu þau veitingastaðinn Flame sem rekinn er í stefnanda Teppanyaki Iceland ehf. Fyrir liggur að vegna stofnunar síðarnefnda veitingastaðarins leituðu forsvarsmenn stefnanda Teppanyaki Iceland ehf. eftir starfskröftum utan landsteinanna og réðu þau kokkana C og D, sem báðir eru ríkisborgarar Æ, til starfa fyrir Flame árið 2020. Þá réð stefnandi Teppanyaki Iceland ehf. E, kokk frá Æ, árið 2021 og F, sem einnig er kokkur frá Æ, árið 2022.
9. Fyrir liggja ráðningarsamningar þriggja síðarnefndu kokkana við stefnanda Teppanyaki Iceland ehf. Í ráðningarsamningi D, 10. febrúar 2021, segir að laun skuli vera samkvæmt kjarasamningi, um fullt starf sé að ræða, tímabundið frá 1. mars 2021 til 1. mars 2022, laun skuli vera 460.000 krónur, dagvinna 2.080 krónur og yfirvinna 3.690 krónur. Í ráðningarsamningi félagsins við E, dagsettum 10. maí en án ártals, segir að laun fylgi kjarasamningi, um fullt starf sé að ræða, tímabundið frá 1. júní 2021 til 1. júní 2022, laun skuli vera 425.000 krónur, dagvinna 2.305 krónur og yfirvinna 3.690 krónur. Þá segir í ráðningarsamningi félagsins við F 27. september 2021 að laun fylgi kjarasamningi, um fullt starf sé að ræða, tímabundið frá 15. október 2021 til 15. október 2022, laun skuli vera 420.000 krónur, dagvinna 2.450 krónur og yfirvinna 3.950 krónur.

B

10. Hinn 19. ágúst 2022 fóru fulltrúar stefnda ásamt lögreglu í eftirlitsheimsókn á veitingastaðinn Flame. Ástæða heimsóknarinnar var grunur stefnda um að starfsmenn veitingastaðarins fengju ekki greidd laun í samræmi við lágmarksrétt.
11. Samkvæmt stefnda mátti rekja aðdraganda eftirlitsheimsóknarinnar til þess að erlendur starfsmaður stefnanda Teppanyaki Iceland ehf. hafi í júlí 2022 leitað til stefnda þar sem hann hafi verið ósáttur við kjör sín og aðbúnað. Hafi starfsmaðurinn talið réttindi sín og kjör ekki samkvæmt kjarasamningi og umsömdum ráðningarkjörum. Hann hafi verið látinn vinna á löngum vöktum, margar samfelldar vaktir og á frídögum. Þá hafi hann átt erfitt með að átta sig á réttindum sínum þar sem útreikningur launa hafi ekki verið sundurliðaður á launaseðlum. Þá vísar stefndi til þess að annar starfsmaður hafi leitað til hans, en reifar það ekki nánar.
12. Fyrir dóminn hafa stefnendur lagt fram upptöku úr eftirlitsmyndavélum veitingastaðarins Flame 19. ágúst 2022 af eftirlitsheimsókn fulltrúa stefnda ásamt lögreglu, en hljóðið á upptökunni er um sumt ógreinilegt. Þá hafa stefnendur einnig lagt fram uppritun á samskiptum sem greina má af upptökunni sem þýdd hefur verið af löggiltum skjalaþýðanda. Af upptökunni má ráða að þrír starfsmenn stefnanda Teppanyaki Iceland ehf., tveir karlmenn og ein kona, hafi verið á veitingastaðnum þegar eftirlitsheimsóknin fór fram, tveir fulltrúar stefnda og tveir lögreglumenn. Verður hér í framhaldinu vikið að þeim samtölum á upptökunni sem máli kunna að skipta í samhengi við ágreining málsins. Aðilar málsins eru sammála um efni uppritarinnar sem lögð hefur verið fyrir dóminn.
13. Af upprituninni má ráða að starfsmenn veitingastaðarins voru við upphaf eftirlitsheimsóknarinnar m.a. spurðir út í umsóknir um landvistarleyfi og hve lengi þeir hefðu unnið á Flame. Voru þeir og spurðir út í vinnustaðaskírteini sem þeir höfðu ekki í fórum sínum. Þá kom fram að starfsmennirnir fengu launaseðla.
14. Sagði lögreglukona að þau væru á staðnum til að hjálpa starfsfólkinu. Sagði fulltrúi stefnda að þau gætu hjálpað starfsmönnum við að „komast héðan“.
15. Annar karlkyns starfsmannanna var spurður út í vinnutíma og virtist hann segjast vinna 160 tíma í dagvinnu, þá ynni hann á frídögum. Hann jánkaði því að hann ynni sex daga vikunnar. Aðspurður hvort hann ynni 10 tíma á dag sagði hann „lágmark“.
16. Í samtalinu kom fram að starfsmennirnir þrír byggju allir í X ásamt einum ríkisborgara Ö sem ynni á Bambus.

17. Karlkyns starfsmaður Flame spurði hvort þau væru í vandræðum. Sagði þá fulltrúi stefnda að það væri alveg skýrt að starfsmennirnir væru ekki í vandræðum, þau [fulltrúar stefnda] væru þarna til að hjálpa þeim. Þá kom fram í máli fulltrúans að þau myndu hjálpa með vegabréfsáritanir ef eitthvað gerðist og jafnframt að finna vinnu ef þau vildu vera á Íslandi. Miðað við launaseðlana þeirra fengju þau ekkert orlof og ynnu sér ekki inn neinn orlofsrétt. Spurði þá karlkyns starfsmaður Flame hversu margir dagar væru á mann í orlof. Sagði fulltrúi stefnda að af launum í fullu starfi ættu starfsmennirnir að fá a.m.k. 10,17%. Þau væru öll að vinna meira, miklu, miklu meira en þau ættu að vinna, því þau væru að vinna svo marga tíma. Það væri ástæðan fyrir því að fulltrúar stefnda væru að reyna að hjálpa. Þá spurði fulltrúinn hvort starfsfólkið vildi hjálpina. Þá sagði starfsmaður Flame að þau vissu í raun ekkert þar sem þau væru ný hér.
18. Sagði fulltrúi stefnda að þau gætu hjálpað, þau vildu bara að starfsmennirnir hættu núna og kæmu í aðra íbúð en þau byggju í núna. Af samtali fulltrúa stefnda og lögreglukonu má ráða að lögreglan hafi ekki haft íbúð á sínum snærum en fulltrúi stefnda myndi athuga um aðgang að einni íbúð á vegum stefnda.
19. Fulltrúi stefnda sagði við starfsfólkið að fulltrúar stefnda vildu bara að starfsfólkið yfirgæfi staðinn strax. Þá sagði hann að þau héldu að starfsfólkið myndi ekki fá neitt greitt í næsta mánuði fyrir þá vinnu sem það vann í ágúst. Fyrirtækið væri í svo mikilli skuld við ríkið. Það borgaði ekki skatta eða lögbundin gjöld og því hefði ríkið lagt fram kæru, það hefði fryst allar eignir á öllum reikningum. Sagði hann að þeir mættu ekki eyða peningum nema það væri einhver ráðinn frá ríkinu til að hafa umsjón með reikningum þeirra. Þá vildu þau sem mætt væru í eftirlitsheimsóknina ekki að starfsfólkið ynni ókeypis. Í máli hans kom og fram að stefndi myndi hjálpa starfsfólkinu að finna húsnæði.
20. Spurt var hvað starfsmenn ynnu að meðaltali lengi hvern dag. Svaraði annar karlkyns starfsmaðurinn að þau ynnu að meðaltali 10 tíma á dag. Vísaði hann til þess að þann dag er heimsóknin fór fram hefðu þau farið og hjálpað til á Bambus í svona klukkutíma eða einn og hálfan, en það væri ekki skráð, því þau hjálpi venjulega á þeim tíma á morgnana.
21. Sagði fulltrúi stefnda við lögreglukonu að raunverulega ynni starfsfólkið 16 eða 17 tíma á dag samkvæmt íslenskum vinnumarkaði eins og Íslendingar myndu telja.
22. Kom fram í máli starfsfólksins að það fengi greitt veikindaleyfi. Aðspurður hvort það væru alltaf sömu launin svaraði karlkyns starfsmaður Flame því játandi.
23. Fulltrúi stefnda reifaði að eigendur Flame græddu á því að borga starfsfólki minna og þótt þeir segðust ekki geta borgað starfsfólki meira borguðu þeir sér sjálfum sennilega

ekkert minna. Þeir verndi alltaf sjálfa sig og ef þeir tali um fjölskyldu, að þau séu ein stór fjölskylda, sé það viðvörunarmerki. Það sé arðrán 101, að tala um fjölskyldu og að færa fórnir þannig að reksturinn gangi betur. Jafnvel þótt reksturinn gangi betur muni starfsfólkið ekki njóta góðs af því. Sama eigi við um íbúðir. Starfsfólkið eigi að hafa sérstakan leigusamning á meðan það leigi íbúðir. Hann eigi að gilda og jafnvel þótt starfsfólki sé sagt upp í vinnu þurfi að gera fyrirvara um leigusamning. Þá megi ekki taka leigugreiðslur af launaseðli, það sé ólöglegt. Þá megi ekki taka peninga af starfsfólki þegar það sé á reynslutíma, það sé ólöglegt. Allt sé borgað. Þá kom aftur fram í máli fulltrúa stefnda að fulltrúarnir ætluðu að hjálpa starfsfólkinu að finna aðra vinnu, þar sem það fengi góð laun. Þá kom fram í máli fulltrúa stefnda að fyrir vinnu sína ætti starfsfólkið að fá svona 500.000–600.000 krónur inn á bankareikning í hverjum mánuði.

24. Karlkyns starfsmaður Flame spurði hvort það ætti að loka Flame og Bambus. Því svaraði fulltrúi stefnda að stéttarfélagið hefði ekki heimild til að loka stöðunum.

C

25. Hinn 25. ágúst 2022 var gefin út opinber yfirlýsing í nafni Fagfélaganna, en stefndi tilheyrir þeim. Fyrirsögn hennar var „Vinnustaðaeftirlit Fagfélaganna kom upp um stórfelldan launaþjófnað“. Þar sagði að föstudaginn 19. ágúst s.á. hefði vinnustaðaeftirlit Fagfélaganna farið í eftirlitsferð á veitingastaði í pósnúmeri 105 í Reykjavík. Í ljós hefði komið grunur um stórfelldan launaþjófnað á tveimur veitingastöðum í eigu sömu aðila. Eftirlitsteymi Fagfélaganna hefði boðið fólkinu að komast úr aðstæðum sem það var í og hefðu allir starfsmenn á vakt þegið það frá starfsmönnum Fagfélaganna/stefnda. Fólkið hefði unnið 10–16 klukkustundir á dag sex daga vikunnar og virtist aðeins hafa fengið lágmarkslaun greidd, ekkert vaktaálag, enga yfirvinnu, ekkert orlof og annað sem hefði verið samið um á íslenskum vinnumarkaði. Ljóst væri að launakröfur á hendur fyrirtækjunum myndu hlaupa á milljónum. Starfsmenn veitingastaðanna hefðu búið í íbúð á vegum atvinnurekanda en þeim hefði verið boðið að fara í íbúð á vegum stéttarfélags og hefðu þau þegið það. Þá myndi kjaradeild Fagfélaganna gera launakröfur á hendur fyrirtækjunum f.h. starfsmanna auk þess sem teymið yrði þeim innan handar við að finna ný störf og nýtt heimili. Þá sagði orðrétt: „Það er ólíðandi að fyrirtæki skuli koma fram á þennan ómanneskjulega hátt [...]“
26. Samdægurs, 25. ágúst 2022, birtist frétt á vefsvæði RÚV undir fyrirsögninni: „Starfsfólkið kom til landsins á vegum vinnuveitanda“. Í fréttinni segir m.a. að eftirlitsmenn

Fagfélaganna gruni tvo veitingastaði í Reykjavík um stórfelldan launaþjófnað. Þar kom fram að allir starfsmenn veitingastaðanna hefðu þegið boð um aðstoð við að losna úr aðstæðunum. Þá er eftirfarandi m.a. haft orðrétt eftir G, fulltrúa stefnda, um hvort málið væri rannsakað sem mansalsmál: „Það er líklegast ekki í þeim farvegi þar sem þau voru frjáls og voru með vegabréfið sitt. Eða nokkuð frjáls, eftir því hvernig þú getur verið frjáls þegar þú vinnur sextán tíma á dag sex daga vikunnar.“ Þá birtust fréttir samdægurs, annars vegar á vefsvæði Morgunblaðsins undir fyrirsögninni: „Grunur um stórfelldan launaþjófnað á Flame og Bambus“ og hins vegar á vefsvæði DV undir fyrirsögninni: „Segja eiganda Flame og Bambus grunaðan um stórfelldan launaþjófnað“. Í fyrrnefndu fréttinni var, auk viðtals við fyrrnefndan G, m.a. haft eftir fyrrnefndum B að málið væri á misskilningi byggt og það væri leyst. Búið væri að fara yfir gögn og málið í góðum farvegi. Þá birtist sama dag frétt um málið á Vísi.is undir fyrirsögninni: „Grunur um stórfelldan launaþjófnað á tveimur veitingastöðum tilkynntur til lögreglu“. Þar er m.a. haft eftir fyrrnefndum G: „Við sjáum það mjög fljótt þegar fólk vinnur tíu til sextán tíma á dag og er á lágmarkslaunum fyrir dagvinnu að upphæðirnar eru háar. Það er ekki greitt neitt orlof, vaktaálag, yfirvinna, uppbætur, bara nefndu það. Okkur sýnist tjónið hlaupa á milljónum fyrir hvern aðila.“

27. Hinn 26. ágúst 2022 var birt frétt á vefsvæði RÚV undir fyrirsögninni: „Funda með eigendum Flame og Bambus á mánudag“, en í henni sagði m.a.: „Á mánudag eigi Matvís fund með eigendum staðanna, að ósk eigendanna. Þar leggi Matvís fram gögn og launa-kröfu fyrir hönd starfsfólksins. Gangist vinnuveitandi ekki við kröfunum þurfi að fara til dómstóla sem gæti tekið nokkra mánuði. G vonar að svo fari ekki.“ Þá er eftirfarandi m.a. haft eftir G: „Það var þannig að fólkið vann tíu til sextán tíma á dag og það var þannig að þau voru á lágmarkstaxta Matvís og fengu engin vaktaálög, enga yfirvinna, ekkert orlof eða aðrar greiðslur sem kveðið er á um í kjarasamningi Matvís og SA.“
28. Sama dag birtist frétt á Vísi.is undir fyrirsögninni: „Segir rangt að ásakanir um launaþjófnað séu „kolvitlausar“, þar sem haft var eftir B að fréttir um meintan launaþjófnað væru kolvitlausar og að laun væru samkvæmt kaupskrá stefnda. Í þeirri frétt er og haft eftir fyrrnefndum G að starfsfólk hafi fengið minna en helming þeirra launa sem því bar miðað við vinnutímann. Á launaseðlum væru óútskýrðar tölur þar sem tilgreindar væru fyrir fram greiðslur. Kvittanir væru ekki til fyrir þessum fyrir fram greiddu launum.
29. Á vefsvæði Morgunblaðsins 29. ágúst 2022 birtist frétt um fyrirhugaðan fund aðila þann dag undir fyrirsögninni: „Fundað með Flame og Bambus í dag“. Í fréttinni sagði m.a. að

talið væri að þrír starfsmenn veitingastaðanna hefðu unnið í allt að 16 tíma á lágmarkslaunum, sex daga í viku. Hvorki hafi verið greitt vaktaálag, yfirvinna né orlof. Í kjölfar fundarins birtist síðan önnur frétt síðdegis sama dag á vefsvæði Morgunblaðsins, undir fyrirsögninni: „Launin hafi átt að vera allt að þrefalt hærrí“, þar sem fram kom að eigendur veitingastaðanna Flame og Bambus hefðu ekki lagt fram gögn á fundinum sem sýndu fram á að misskilningur hefði getað valdið því að starfsmenn þeirra hefðu fengið vangreidd laun, líkt og B, annar eigandi staðanna, hefði haldið fram. Segir í fréttinni að í raun hafi ekkert komið frá eigendum á fundinum. „Þetta var fundur sem þau báðu um en það kom ekkert frá þeim,“ sagði G samkvæmt fréttinni.

30. Óumdeilt er að á fundinum 29. ágúst 2022 hafi lögmaður stefnenda ekki lagt fram gögn fyrir stefnda um launagreiðslur og segir í stefnu að það hafi verið sökum þess að lögmaðurinn hafi ekki haft tækifæri til að kynna sér þau fyrir fundinn, sökum þröngs tímaramma. Í tölvubréfi fulltrúa lögmanns stefnenda til stefnda að kvöldi 29. ágúst 2022 segir m.a. að það hafi verið vonbrigði að fulltrúar stefnda hafi séð sig knúna til að ræða málið enn frekar í fjölmiðlum meðan leitast hafi verið eftir því að komast að niðurstöðu í málinu. Stefnendur hafi reynt að fresta fundinum í því skyni að geta verið komnir með mótaðri afstöðu og leið að lausn en fresti hafi verið hafnað af hálfu stefnda. Það hafi verið ómaklegt hvernig efni fundarins og stefnendur hafi verið málaðir í fjölmiðlum beint í framhaldi af honum. Þá óskaði umræddur fulltrúi lögmanns stefnenda eftir því að beðið yrði með að ræða málið í fjölmiðlum á meðan það yrði leyst.
31. Fyrir liggja tölvubréfasamskipti milli m.a. G, fulltrúa stefnda, og lögmanns stefnenda, 1. september 2022 um útreikning launakröfu. Kemur þar m.a. fram í tölvubréfi G að launakrafa fyrrum starfsmanna stefnenda hljóði upp á 13.818.752 krónur. Í svarbréfi lögmanns stefnenda kom fram að umræddur útreikningur yrði tekinn til skoðunar. Sagði þar m.a. að hvergi væri 16 tíma vinnudaga sex daga vikunnar að finna í framlögðum upplýsingum líkt og haldið hefði verið fram í fjölmiðlum nær daglega. Reyndar væri ekki einn einasti dagur upp á 16 tíma. Almennt hafi vinnutími verið átta til níu tímar, stundum 10. Svo hafi einstaka dagar verið fimm tímar, 12 tímar og að því er virtist einn 13 tímar. Ljóst væri því að rangt hefði verið farið með í fjölmiðlum nánast daglega. Spurði lögmaður stefnenda hvort ekki væri rétt að stefndi leiðrétti þessar rangfærslur í fjölmiðlum. Þá hefðu einnig verið rangfærslur um að viðkomandi starfsmenn hefðu verið starfsmenn Bambuss en svo væri ekki og óþarft að skemma ímynd þess staðar líka.

32. Sama dag, 1. september 2022, birtist frétt á vefsvæði Morgunblaðsins undir fyrirsögninni: „Krefja Bambus og Flame um 13 milljónir“. Er þar að finna ummæli sem höfð eru eftir fyrrnefndum G en þar segir hann m.a. að um óvenju háar kröfur sé að ræða, þótt þær snúi einungis að því að ná fram lágmarkslaunum fyrir þann taxta sem fólkið hafi verið ráðið inn á. Laun fólksins hafi átt að vera allt að þrefalt hærra en þau voru. Í fréttinni segir jafnframt að talið sé að starfsmennirnir sem komu frá Æ hafi unnið allt að 16 tíma á dag á lágmarkslaunum, sex daga í viku. Hvorki hafi verið greitt vaktaálag, yfirvinna né orlof. Haft er eftir G að Fagfélögin hafi fengið einhverjar aðfinnslur við fyrstu útreikninga, sem hafi ekki haldið, og muni eflaust fá fleiri aðfinnslur við lokaútreikninga. Fagfélögin standi hins vegar við sína útreikninga. Augljóst sé að ákveðin vitundarvakning sé að eiga sér stað í þjóðfélaginu varðandi launaþjófnað.
33. Þá birtist önnur frétt á vefsvæði Morgunblaðsins sama dag undir fyrirsögninni: „Starfsfólkið hafi aldrei unnið 16 tíma á dag“. Var þar haft eftir lögmanni stefnenda að það hafi verið rangt og gegn betri vitund Fagfélaganna að halda því fram að starfsfólk veitingastaðanna hafi unnið allt að 16 tíma á dag sex daga vikunnar. Vissulega hafi verið unnið fimm til sex daga vikunnar en vinnudagarnir hafi yfirleitt verið átta til níu tímar, stundum 10 tímar, en á móti hafi komið fimm til sjö tíma vinnudagar. Segir í fréttinni að gögn sem mbl.is hafi undir höndum styðji framangreint og sem Fagfélögin hafi notast við í sínum útreikningum á launakröfu starfsfólksins. Þá er haft eftir lögmanni stefnenda að fólkið hafi aðeins unnið á Flame en ekki Bambus. Fullyrðingar um langa vinnudaga standist ekki, auk þess sem eftir eigi að taka tillit til fyrir fram greiðslna til starfsfólksins, sem hafi ekki verið skráðar í öllum tilvikum.
34. Sams konar umfjöllun var um málið á vefsvæði RÚV 2. september 2022 þar sem rætt var við lögmann stefnenda og G. Þar var haft eftir hinum síðarnefnda að kröfur Fagfélaganna byggist á vaktaplönnum starfsfólks sem sýni fram á að það hafi unnið a.m.k. 15 tíma vaktir.
35. Samdægurs sendi fulltrúi lögmanns stefnenda tölvubréf til stefnda þar sem gerðar voru athugasemdir við yfirlýsingu G í umræddri frétt RÚV um 15 tíma vaktir þar sem hún væri ekki í samræmi við skjal sem stefndi hefði sent lögmanni stefnenda daginn áður. Var óskað eftir því að stefndi leiðrétti rangfærslur í fjölmiðlum.
36. Rétt er að geta þess að nokkur frekari fréttuumfjöllun var um málið á haustmánuðum ársins 2022 í fjölmiðlum sem óþarft er að rekja sérstaklega.

D

37. Fyrir liggja launaseðlar stefnanda Teppanyaki Iceland ehf. til þriggja starfsmanna 31. júlí 2022 þar sem finna má lið sem nefndur er launaleiðrétting. Þar kemur fram að D hafi fengið launaleiðréttingu upp á 3.204.695 krónur, E upp á 1.545.331 krónu og F upp á 1.307.661 krónu, auk mótframlags í lífeyrissjóð og launatengdra gjalda. Þá liggja fyrir dóminum launaseðlar til sömu einstaklinga frá 31. ágúst s.á. þar sem laun D vegna dagvinnu, vaktaálags, yfirvinnu, orlofs, orlofsuppbótar, desemberuppbótar og launaleiðréttingar eru samtals 2.464.406 krónur, laun E vegna sömu liða 2.884.781 króna og laun F vegna sömu liða 1.809.052 krónur, auk mótframlags í lífeyrissjóð og launatengdra gjalda. Greiðslur til starfsmannanna þriggja, í kjölfar eftirlitsheimsóknar stefnda og eftirfarandi samskipta aðila, voru samkvæmt framangreindu 13.215.926 krónur auk mótframlags í lífeyrissjóð og launatengdra gjalda, en óumdeilt er að dagsetningar launaseðlanna samrýmast ekki útgreiðsludögum launa samkvæmt þeim.
38. Hinn 10. febrúar 2023 sendi lögmaður fyrir hönd starfsmannanna þriggja þrjú kröfubréf til stefnanda Teppanyaki Iceland ehf. um greiðslu vangoldinna launa, sem ekki hefðu verið að fullu greidd með greiðslum samkvæmt fyrrgreindum launaseðlum. Hinn 21. apríl 2023 hafnaði stefnandi Teppanyaki Iceland ehf. kröfunum með þremur bréfum. Mál vegna krafna um ógreidd laun starfsmannanna þriggja eru nú rekin fyrir dómstólum.

E

39. Tilteknar upplýsingar er varða fjárhag stefnanda liggja fyrir dóminum. Reginn fasteignafélag sendi stefnanda Borg 16 ehf. greiðsluáskorun og aðvörun um riftun leigusamnings 26. ágúst 2022. Sagði þar að fyrir hönd HTO ehf., leigusala, væri skorað á stefnanda Borg 16 ehf. að gera upp vangoldna húsaleigu að fjárhæð samtals 29.419.599 krónur auk vaxta og annars kostnaðar. Yrði umrædd greiðsla ekki innt af hendi innan 14 daga yrði leigusamningi aðila um fasteignina [...] rift án frekari viðvörunar.
40. Þá liggja fyrir upplýsingar úr virðisaukaskattsskýrslum vegna tekna stefnanda Borgar 16 ehf. frá maí 2022 og til loka janúar 2023, og til samanburðar upplýsingar um tekjur stefnandans árið 2019. Samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum stefnanda Borgar 16 ehf. var virðisaukaskattskyld velta hans í 11% skattþrepi 3.160.534 krónur í maí 2022, 2.652.692 krónur í júní s.á. og 3.638.481 krónur í júlí s.á.
41. Í samanburðarskjali stefnanda Borgar 16 ehf. segir að tekjur janúar, 19.–31. ágúst og september til desember 2019 hafi numið samtals 35.149.658 krónum. Til samanburðar

hafi tekjur stefnandans verið 11.069.437 krónur 19. ágúst til ársloka 2022 og 3.352.148 krónur í janúar 2023. Af framlögðum gögnum má ráða að tilvísaðar tekjur eru þær er falla í 11% skattþrep, þ.e. m.a. sala á veitingum.

42. Í samanburðarskjali, sem stefnandi Borg 16 ehf. hefur lagt fram, segir að skattskyld velta án virðisaukaskatts í 11% skattþrepi hafi 19.–31. ágúst 2019 numið 13.497.131 krónu og fær það stoð í framlagðri virðisaukaskattsskýrslu. Segir í samanburðarskjalinu að slík velta hafi numið 295.311 krónum sömu daga ársins 2022. Virðisaukaskattsskýrsla vegna 18.–31. ágúst 2022 liggur fyrir í málinu en af henni má ráða að skattskyld velta í 11% skattþrepi hafi þá daga verið 319.099 krónur. Þá liggur fyrir virðisaukaskattsskýrsla vegna greiðslutímabilsins 1.–17. ágúst 2022 og má af henni ráða að virðisaukaskattsskyld velta í 11% skattþrepi hafi numið 1.746.518 krónum, innskattur hafi verið hærri en útskattur og stefnandi Borg 16 ehf. því átt inneign að fjárhæð 241.706 krónur. Í virðisaukaskattsskýrslu vegna septembermánaðar 2019 segir að skattskyld velta í 11% virðisaukaskattsprepi hafi verið 2.543.464 krónur og inneign verið vegna munar innskatts og útskatts að fjárhæð 246.726 krónur. Tekjur vegna sama mánaðar árið 2022 voru samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu 2.678.128 krónur. Þá liggur fyrir virðisaukaskattsskýrsla vegna októbermánaðar 2019 þar sem fram kemur að tekjur í fyrrnefndu virðisaukaskattsprepi hafi numið 2.347.501 krónu, auk skattskyldrar veltu í 24% skattþrepi að fjárhæð 1.790.440 krónur, og greiddi stefnandi Borg 16 ehf. 49.200 krónur í virðisaukaskatt þegar innskattur hafði verið dreginn frá útskatti. Í virðisaukaskattsskýrslu vegna sama mánaðar ársins 2022 kemur fram að tekjur í umræddu skattþrepi hafi numið 2.789.754 krónum og var inneign vegna uppgjörs virðisaukaskatts að fjárhæð 142.893 krónur.
43. Í virðisaukaskattsskýrslu stefnanda Borgar 16 ehf. vegna nóvembermánaðar 2019 segir að skattskyld velta í 11% skattþrepi hafi verið 4.612.414 krónur auk 192.248 króna í 24% virðisaukaskattsprepi, og greiddi umræddur stefnandi 27.182 krónur í virðisaukaskatt í kjölfar uppgjörs innskatts og útskatts. Í sama mánuði árið 2022 var skattskyld velta í 11% skattþrepinu 1.643.352 krónur og inneign vegna uppgjörs virðisaukaskatts 294.102 krónur. Í virðisaukaskattsskýrslu umrædds stefnanda í desembermánuði 2019 var skattskyld velta í 11% skattþrepi 7.387.496 krónur og 1.790.440 krónur í 24% skattþrepinu, en inneign var vegna uppgjörs virðisaukaskatts að fjárhæð 136.883 krónur. Sama mánuði árið 2022 var skattskyld velta í 11% virðisaukaskattsprepinu 3.662.892 krónur og 965.323 krónur í 24% þrepinu, og greiddi stefnandi 169.625 krónur við uppgjör skattsins.

Í janúar 2019 voru tekjur hans samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu 4.761.662 krónur í 11% skattþrepi og við uppgjör skattsins var inneign stefnanda 286.306 krónur. Í samanburðarskjali stefnanda segir að tekjur vegna janúar 2023 hafi numið 3.352.148 krónum en virðisaukaskattsskýrsla vegna þessa tímabils hefur ekki verið lögð fyrir dóminn.

44. Þá liggja fyrir upplýsingar úr virðisaukaskattsskýrslum vegna tekna stefnanda Teppanyaki Iceland ehf. frá janúar 2021 til loka árs 2022. Segir í samanburðarskjali stefnandans að tekjur vegna ársins 2021 hafi numið 46.621.781 krónu, tekjur vegna ársins 2022 hafi numið 5.523.478 krónum og vegna janúar 2023 verið 1.227.811 krónur.
45. Í virðisaukaskattsskýrslu vegna júnímánaðar 2022 segir að skattskyld velta í 11% virðisaukaskattsprepi hafi verið 5.704.080 og vegna júlímánaðar s.á. 5.186.762. krónur. Í virðisaukaskattsskýrslu vegna ágústmánaðar 2022 segir að skattskyld velta stefnanda Teppanyaki Iceland ehf. í 11% virðisaukaskattsprepi hafi verið 5.136.115 krónur. Í samanburðarskjali stefnandans kemur fram að tekjur af umræddum toga hafi verið 46.153 krónur 19.–31. ágúst s.á., en virðisaukaskattsskýrsla þar sem umræddir dagar eru sérstaklega afmarkaðir liggur ekki fyrir í gögnum málsins. Í virðisaukaskattsskýrslu vegna septembermánaðar 2022 kemur fram að tekjur í fyrrnefndu virðisaukaskattsprepi hafi numið 2.602.857 krónum, í októbermánuði s.á. hafi þær numið 130.082 krónum, í nóvembermánuði s.á. 918.281 krónu og í desembermánuði 1.826.135 krónum. Ekki eru efni til þess að reifa allar þær skýrslur sem lagðar hafa verið fram af hálfu stefnenda í fyrirbyggjandi samhengi.
46. Þá liggur fyrir tölvubréf frá Maul Reykjavík til fyrirsvarsmanns stefnanda Borgar 16 ehf. þar sem segir að fyrrnefnda fyrirtækið hafi verið í viðskiptum við veitingastaðinn Bambus frá vormánuðum ársins 2019. Maul hafi keypt hádegismat af Bambus til endursölu og hafi umfang þeirra viðskipta verið að meðaltali um 440 skammtar á mánuði. Síðla í ágústmánuði 2022 hafi fréttir borist af því að stefndi hefði tilkynnt tvo matsölustaði til lögreglu þar sem talið væri að um misbeitingu á launakjaraliðum væri að ræða. Í framhaldi af þessum fréttum hafi orðið skyndileg breyting á eftirspurn markaðarins eftir vörum frá Bambus og breytingin hafi valdið því að Maul hafi gert hlé á samstarfi við Bambus þar sem engin eftirspurn hefði verið eftir vörum þeirra. Hlé á samstarfinu hafi varað fram að mánaðamótum nóvember/desember 2022, þegar aftur hafi farið að bera á eftirspurn sem gerði Maul kleift að bjóða aftur upp á vörur frá Bambus.

Helstu málsástæður stefnenda

47. Stefnendur vísa til þess að þeir geri kröfur um viðurkenningu á bótaskyldu stefnda vegna fullyrðinga og athæfis starfsmanna stefnda við vettvangsheimsókn stefnda á veitingastaðinn Flame að kvöldi 19. ágúst 2022, vegna opinberrar fréttatilkynningar stefnda 25. ágúst 2022 sem þeir telja hafa gefið til kynna að stefnendur, báðir eða annar, stunduðu mansal, vinnuþrælkun og stórfelldan launþjófnað gagnvart starfsfólki sínu sem og yfirlýsinga starfsmanns stefnda í fjölmiðlum sem hafi verið af sama meiði, jafnvel eftir að starfsmenn stefnda hafi vitað betur. Þannig hafi stefndi og starfsmenn hans gefið til kynna, án þess að nokkur viðhlítandi skoðun færi fram og fyrirvarmenn stefnenda hefðu getað komið sjónarmiðum sínum á framfæri, að stefnendur hefðu gerst sekir um þjófnað, óhóflegar vinnukröfur og jafnvel mansal. Vísa stefnendur til þess að stefndi hafi með framangreindu valdið þeim tjóni sem sé afleiðing af saknæmri háttsemi hans enda séu orsakatengsl þar á milli. Allar málsástæður eigi við um bæði aðal- og varakröfur stefnenda.
48. Hvað veitingastaðurinn Bambus varðar segir í málatilbúnaði stefnenda að stefnandi Borg 16 ehf. hafi opnað veitingastaðinn árið 2013. Heimsfaraldur Covid-19 hafi haft veruleg áhrif á rekstur Bambuss eins og á rekstur annarra veitingahúsa. Hins vegar hafi reksturinn gengið vel þannig að staðurinn hafi staðið af sér lokanir og samkomutakmarkanir sem heimsfaraldrinum fylgdu. Í ágúst 2022 hafi reksturinn gengið mjög vel og Bambus m.a. haft fjölda fastra viðskiptavina. Verulegt tekjutap hafi orðið í kjölfar fréttaumfjöllunar um Bambus. Veitingastaðurinn Flame, sem sé rekinn af stefnanda Teppanyaki Iceland ehf., hafi opnað vorið 2020, í aðdraganda heimsfaraldurs og hafi því fyrstu tvö rekstrarár hans verið við mjög erfiðar aðstæður. Þrátt fyrir það hafi staðurinn lifað af og viðskipti verið tekin að glæðast verulega í ágúst 2022. Fullyrðingar starfsmanna á vegum stefnda við vettvangsheimsókn hafi leitt til þess að starfsmenn veitingastaðarins hafi yfirgefið staðinn og fengið fyrirmæli um að vera ekki í samskiptum við fyrirvarsmenn Flame og því hafi ekki verið hægt að opna staðinn aftur. Gengið hefði hægt að fá atvinnuleyfi fyrir nýtt starfsfólk sem svo hafði ráðið sig annað þegar leyfin hefðu loks fengist. Staðurinn hafi því, við samningu stefnu, enn verið lokaður. Það liggja í augum uppi að verulegt tjón hafi orðið enda hafi engar tekjur komið inn en stefnandi hafi þó þurft að greiða leigu og önnur rekstrargjöld.
49. Stefnendur kveða atlögu stefnda að þeim hafa verið fullkomlega ástæðulausa og gengið langt út fyrir þau mörk sem eðlileg megi telja. Fulltrúar stefnda hafi mætt á starfsstöð

veitingastaðarins Flame að kvöldi 19. ágúst 2022 og gengið hart fram. Svo virðist sem starfsmenn stefnda hafi verið búnir að mála upp afar dökka mynd af Flame og Bambus og eigendum þeirra áður en vettvangsheimsóknin átti sér stað og það án þess að nokkur fótur hafi verið fyrir slíkri afstöðu. Það endurspeglast í þeirri ákvörðun að óskað hafi verið eftir aðstoð lögreglu við vettvangsrannsóknina og starfsmenn stefnda hafi gefið lögreglu á vettvangi þær upplýsingar að þeir vildu hafa lögreglu á staðnum þar til eigandi staðarins kæmi og hafi einnig lýst því yfir við lögreglu að þeir vildu starfsfólkið í burt af staðnum og fá það í íbúð á sínum vegum.

50. Vísa stefnendur til þess að starfsmenn stefnda hafi viðhaft margs konar saknæma háttsemi sem leitt hafi til tjóns stefnenda. Í fyrsta lagi hafi það verið háttsemi starfsmanna stefnda við vettvangsheimsókn 19. ágúst 2022, en sú málsástæða varði þó einungis kröfu stefnanda Teppanyaki Iceland ehf. Hefðbundið verklag vegna hugsanlegra vangreiddra launa sé að ef grunur vakni hjá stéttarfélagi um að laun hafi ekki verið réttilega greidd sé byrjað á að hafa samband við vinnuveitanda, í kjölfarið sé gagna aflað og krafa reiknuð út og send vinnuveitanda. Ef niðurstaða náist ekki fari málið hefðbundna leið í réttarkerfinu. Stefndi hafi hins vegar ekki unnið eftir þessu verklagi þegar hann kom í vettvangsheimsókn á veitingastaðinn Flame að kvöldi 19. ágúst 2022 og hafði með sér ein-kennisklædda lögreglumenn. Þá hafi starfsmenn stefnda haft uppi fullyrðingar og rangfærslur við þáverandi starfsmenn stefnanda Teppanyaki Iceland ehf. með þeim afleiðingum að þeir hafi farið og stefnendur ekki átt annarra kosta vól en að loka staðnum. Hafi starfsmenn stefnda fullyrt við starfsfólk Flame að það væri að fá of lág laun, að eigendur Flame væru í miklum vanskilum við hið opinbera og myndu ekki geta greitt laun um næstu mánaðamót, að varast skyldi fyrirvarsmenn stefnenda þegar þau töluðu um fjölskyldur sínar og að stefndi gæti útvegað starfsfólkinu vinnu sem myndi skila því 500.000–600.000 krónum inn á reikning þess mánaðarlega fyrir sambærilega vinnu. Þá hafi einn starfsmaður stefnda fullyrt við starfsfólkið að stéttafélagið gæti ekki lokað veitingastöðum en það gæti tekið allt starfsfólkið svo staðurinn neyddist til að loka.
51. Þá byggja stefnendur á því að starfsmenn stefnda hafi sýnt af sér saknæma háttsemi við útgáfu fréttatilkynningar, líklega dags. 25. ágúst 2022. Á þeim tímapunkti hafi stefndi ekki séð hlið stefnenda á málinu. Hvorki hafi verið búið að halda fund né hafi öll gögn og upplýsingar verið komnar til stefnda. Stefnda mátti því vera ljóst að hann hefði ekki alla myndina fyrir framan sig. Atlagan gegn stefnendum í opinberri tilkynningu stefnda hafi verið saknæm og ólögæt. Í hana hafi verið ráðist án fullnægjandi málsmeðferðar

og engin stoð hafi verið fyrir henni að öðru leyti. Hún hafi valdið tjóni sem hafi verið sennileg afleiðing háttseminnar og því beri að viðurkenna bótaskyldu stefnda vegna tilkynningarinnar. Heimfæra megi meginreglur stjórnsýsluréttar yfir á félög eins og stéttarfélög, þannig að ekki hafi verið fylgt rannsóknarreglu, meðalhófs ekki gætt eða andmælaréttur veittur áður en vaðið hafi verið af stað í fjölmiðla.

52. Byggja stefnendur á því að stefndi hafi í fréttatilkynningu sinni gefið nægilega ítarlegar upplýsingar um veitingastaðina Flame og Bambus svo ekki hafi þurft að nafngreina þá en engu að síður hafi verið ljóst um hvaða staði væri rætt. Í tilkynningunni komi fram alvarlegar ávirðingar um stórfelldan þjófnað stefnenda og því lýst að starfsfólkið hafi unnið 10–16 stunda vinnudaga sex daga vikunnar, en hvort tveggja sé rangt. Þessar yfirlýsingar hafi verið til þess fallnar að kippa rekstrargrundvellingnum undan bæði Flame og Bambus.
53. Þá vísa stefnendur til þess að efni fréttatilkynningar stefnda 25. ágúst 2022 hafi verið rangt og, ef ekki beinlínis rangt, hafi tilkynningin a.m.k. gefið í skyn að málið væri mun alvarlegra en tilefni hafi verið til að ætla. Birting tilkynningar stefnda sé því bótaskyld. Þá verði ekki ráðið af hverju stefndi hafi ákveðið að draga Bambus inn í fréttuumfjöllunina. Starfsmönnum stefnda hafi mátt vera ljóst að afleiðing þess væri sú að rekstrargrundvelli yrði samstundis kippt undan Bambus. Þá telja stefnendur ljóst að verklagsreglum stefnda hafi ekki verið fylgt. Af þessari háttsemi hafi orðið tjón sem sé sennileg afleiðing háttseminnar og orsakatengsl þar á milli.
54. Hvað varði háttsemi stefnda í fjölmiðlum vísa stefnendur til þess að hún hafi verið saknæm. Stefndi hafi vaðið af stað í fjölmiðla með stórum fullyrðingum og yfirlýsingum en þrátt fyrir það hafi fyrirsvarsmenn stefnenda leitast við að afla gagna og vera í samskiptum við stefnda. Þó hafi starfsmaður stefnda ítrekað í fjölmiðlum viðhaft sömu röngu yfirlýsingarnar og bætt jafnvel í. Þannig hafi starfsmaður stefnda farið nær daglega í viðtal við fjölmiðla svo málinu yrði haldið „lifandi“ og alltaf hafi verið endurtekin ummæli um hugsanlegt mansal, vinnuþrælkun og stórfelldan þjófnað. Sú háttsemi að viðhafa rangar og villandi upplýsingar og í besta falli hálfan sannleik um stefnendur í fjölmiðlum teljist saknæm háttsemi. Vísa stefnendur til 27 fréttar á netmiðlum en sumar þeirra eru nánar reifaðar í málsatvicalýsingu.
55. Stefnendur byggja á því að stefndi hafi engar tilraunir gert til að leiðrétta allar þær fjölmörgu röngu fullyrðingar um stefnendur sem viðhafðar hafi verið í fjölmiðlum. Ekki einu sinni eftir að hið rétta hafi komið fram og eftir að stefnendur skoruðu á stefnda að

leiðréttu rangfærslur, heldur hafi stefndi jafnvel bætt í þegar leið á. Ljóst sé að stefndi hafi mismunað stefnendum þar sem mál þeirra hafi verið meðhöndlað með öðrum hætti en önnur sambærileg mál. Verkferlum hafi ekki verið fylgt og stefndi hafi búið til mikinn fjölmiðlastorm í kringum málið. Umrædd saknæm háttsemi stefnda hafi leitt til tjóns stefnenda sem sé sennilega afleiðing háttseminnar enda orsakatengsl þar á milli.

56. Þá vísa stefnendur til þess að þeim hafi verið mismunað á grundvelli kynþáttar enda hafi mál þeirra verið meðhöndlað með öðrum hætti en önnur sambærileg mál, en fyrirsvartsmenn stefnenda séu frá Ö. Þau eigi jafnan rétt á við aðra íslenska ríkisborgara, sbr. 65. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. lög nr. 33/1944. Þá sé jafnframt kveðið skýrlega á um bann við mismunun á grundvelli þjóðernis í lögum nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði og lögum nr. 85/2018 um jafna meðferð utan vinnumarkaðar.
57. Hvað varðar grundvöll ábyrgðar stefnda byggja stefnendur á því varðandi allar kröfur sínar að stefndi beri ábyrgð samkvæmt reglunni um vinnuveitendaábyrgð og sakareglunni. Ljóst sé að starfsmenn stefnda hafi sýnt af sér saknæma háttsemi sem leitt hafi til gríðarlegs tjóns stefnenda. Á því beri stefndi ábyrgð samkvæmt reglunni um vinnuveitendaábyrgð. Í því samhengi skipti ekki máli hvaða starfsmaður stefnda hafi viðhaft saknæma háttsemi sem leiddi til tjóns heldur sé nægilegt að einhver starfsmaður stefnda hafi sýnt af sér saknæma háttsemi. Geti slík saknæm háttsemi m.a. falist í brotum á verklagsreglum stefnda. Þá gildi einu þótt stefndi sé í samstarfi við önnur stéttarfélag undir merkjum Fagfélaganna. Hafi starfsmaður á vegum stefnda, hvort sem er í gegnum samstarf eða sem launamaður stefnda, valdið tjóni með saknæmri háttsemi beri stefndi ábyrgð samkvæmt reglunni um vinnuveitendaábyrgð. Litið sé svo á að sá sem taki að sér verkefni fyrir vinnuveitanda sé á ábyrgð hans jafnvel þótt hann sé starfsmaður annars fyrirtækis. Ljóst sé að þeir sem vísað hafi verið til sem starfsmanna stefnda hafi í öllum þeim tilvikum sem hér skipti máli komið fram fyrir hans hönd og unnið að málefni í þágu hans.
58. Þá byggja stefnendur á reglum um sérfræðiábyrgð þar sem starfsmenn stefnda séu sérfræðingar í kjaramálum og hljóti að gera sér grein fyrir því að mál séu ekki alltaf eins og þau líta út í upphafi þegar einungis ein hlið eins eða fleiri starfsmanna sé komin fram. Þá sé ljóst að stefndi hafi farið gegn eigin verklagsreglum í tengslum við Flame og Bambus og beri því ábyrgð á því tjóni sem af því hafi leitt.
59. Hvað tjón áhrærir byggir stefnandi Teppanyaki Iceland ehf. á því að harkaleg framganga stefnda við vettvangsheimsókn 19. ágúst 2022 og rangfærslur starfsmanna stefnda við

það tilefni hafi leitt til tjóns sem sé augljóst enda hafi staðurinn Flame, við útgáfu stefnu, verið lokaður síðan stefndi hafi farið burt með starfsmenn stefnandans.

60. Stefnendur vísa máli sínu til stuðnings til rekstrargagna sem sanni tjón þeirra. Það sé raunar augljóst að veitingastaðurinn Flame hafi orðið fyrir gríðarlegu tjóni. Þá hafi tekjur Bambuss dregist saman um 80% samkvæmt rekstrartölum í kjölfar fréttatilkynningar stefnda. Þá vísa stefnendur einnig til samskipta við viðskiptavini þar sem komi fram að viðskipti séu afþökkuð vegna fjölmiðlaumfjöllunar í kjölfar yfirlýsingar stefnda.
61. Stefnendur telja ljóst að tjón sitt megi rekja til framangreindrar háttsemi stefnda, bæði hafi hver og ein háttsemi stefnda leitt til tjónsins en einnig hafi háttsemi stefnda samanlagt leitt til tjóns stefnenda. Stefnendur telja ljóst að orsakasamhengi sé á milli saknæmrar háttsemi stefnda og tjóns stefnenda svo og að um sennilega afleiðingu sé að ræða.

Helstu málsástæður stefnda

62. Stefndi mótmælir skaðabótaábyrgð enda sé engu skilyrða almennu skaðabótareglunnar fullnægt. Frumskilyrði skaðabótaábyrgðar sé að tjón hafi átt sér stað. Í fyrirbyggjandi máli virðist stefnendur byggja á því að þeir hafi orðið fyrir tjóni vegna rekstrarstöðvunar og missis viðskiptavildar. Enda þótt eðlilegt geti verið að gera viðurkenningarkröfu þegar umfang tjóns liggja ekki fyrir verði engu að síður að gera það skilyrði að stefnendur leiði nægilegar líkur að því að þeir hafi orðið fyrir tjóni vegna tiltekinnar háttsemi og geri grein fyrir því í hverju tjónið felist. Slík afmörkun liggja ekki fyrir í málinu. Í stefnu sé vísað til þess að tjón hafi orðið þar sem veitingastaðurinn Flame hafi lokað og að tekjur veitingastaðarins Bambuss hafi dregist saman. Málartilbúnaður stefnenda að þessu leyti sé afar óljós og stefnda raunar ómögulegt að ráða fram úr hvaða tjóni stefnendur telji sig hafa orðið fyrir. Tjónið sé ekki afmarkað við neitt tímabil eða nánar tiltekin atriði, svo sem missi ákveðinna viðskipta. Þá sé ekki fjallað með skýrum hætti um það hvernig háttsemi stefnda hafi leitt til tjóns. Jafnvel þótt fallist yrði á að komin væri fram sönnun um tjón hefðu stefnendur getað takmarkað tjón sitt og raunar komið alveg í veg fyrir það. Til dæmis hefðu þeir getað greitt starfsfólki sínu réttar greiðslur strax í upphafi eða brugðist strax við ábendingum og leiðrétt vangoldin laun strax og bent var á vanefndirnar. Þá hafi stefnendur átt að greiða aðrar gjaldfallnar kröfur annarra kröfuhafa.
63. Stefndi hafnar því að hafa sýnt af sér saknæma og ólögmetta háttsemi enda hafi engin lög verið brotin og fullyrðingar hans allar réttar og settar fram að gefnu tilefni. Þá hafi

hvorki ásetningur né gáleysi búið að baki meintri ólögmati háttsemi enda allar aðgerðir og ummæli stefnda byggð á gögnum og staðreyndum.

64. Hvað varðar eftirlitsheimsókn stefnda 19. ágúst 2022 hafnar stefndi því að við hana hafi hann viðhaft ólögmeta og saknæma háttsemi enda hafi hann ekki brotið neinar reglur í eftirlitsheimsókninni eða aðhafst með ólöglegum hætti. Heimild stéttarfélaga til eftirlitsheimsókna sé í lögum nr. 42/2010 um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum, sbr. 1. og 6. mgr. 4. gr. laganna. Þá hafi engar verklagsreglur verið brotnar.
65. Stefndi vísar til þess að hann hafi fengið upplýsingar frá starfsmanni stefnanda Teppanyaki Iceland ehf. um að ýmis lögbrot gagnvart starfsmönnum færu fram á vinnustaðnum. Hafi því verið brýnt að stefndi sinni lögbundnu eftirlitshlutverki sínu og hafi það verið tilgangur eftirlitsheimsóknarinnar umrætt sinn. Þá sé málatilbúnaður stefnenda rangur er varðar meintar fullyrðingar og rangfærslur stefnda við starfsmenn stefnanda Teppanyaki Iceland ehf. við eftirlitsheimsóknina, með þeim afleiðingum að þeir hafi horfið úr starfi, en auk þess sé hvorki ólögmaett né saknæmt að upplýsa starfsfólk um staðreyndir.
66. Hvað varðar meinta saknæma háttsemi stefnda við útgáfu fréttatilkynningar hinn 25. ágúst 2022 er málsástæðum í þá veru mótmælt. Vaktaáætlanir sem liggi fyrir í málinu sýni fram á að gert hafi verið ráð fyrir að umræddir starfsmenn ynnu almennt 9–10 tíma á dag og allt að 12 tíma sex daga vikunnar. Í samtölum stefnda við starfsfólk hafi hins vegar komið fram að vinnan hefði í raun verið mun meiri en tilgreint hafi verið í skráðum vaktaáætlunum frá stefnendum. Vaktirnar hefðu t.a.m. verið lengri þar sem starfsfólk hafi þurft að ganga frá og þrifa eldhús eftir að skráðri vakt var lokið. Jafnframt hafi starfsfólkið sem starfaði á veitingastaðnum Flame oft verið fengið til þess að hjálpa á veitingastaðnum Bambus á morgnana. Þá hafi starfsfólkið einnig verið látið vinna ýmis tilfallandi verkefni fyrir stefnendur og eigendur stefnenda, sem voru til viðbótar vöktunum. Þegar þessari vinnu hafi verið bætt við vaktaáætlanir hafi komið í ljós að vinnudagarnir hafi í mörgum tilvikum verið 16 klukkustundir.
67. Byggir stefndi á því að stefnandi Teppanyaki Iceland ehf. hafi stundaði launaþjófnað og að hann hafi verið stórfelldur enda hafi vangreiðslur til þriggja starfsmanna numið mörgum milljónum króna á nokkurra mánaða tímabili. Greiðslur til starfsfólksins hafi verið í engu samræmi við vinnuframlag þess. Slíkar stórfelldar skerðingar réttinda eigi sér ekki stað fyrir mistök en í því samhengi megi benda á að íslenskir starfsmenn fyrirtækjanna hafi ekki sætt vangreiðslum. Fyrirsvarsmenn stefnenda hafi verið í rekstri

um árabíl og geti ekki borið fyrir sig vankunnáttu. Fréttatilkynningin hinn 25. ágúst 2022 hafi þannig hvorki verið röng né misvísandi. Þá hafi veitingastaðirnir Flame og Bambus ekki verið nefndir eða auðkenndir í fréttatilkynningu stefnda. Í tilkynningunni hafi einungis komið fram að um væri að ræða tvo veitingastaði í póstnúmerinu 105, sem væru í eigu sömu aðila. Sé veitingastöðum í póstnúmerinu 105 Reykjavík flett upp komi í ljós að tugir veitingastaða séu á svæðinu og séu Bambus og Flame ekki þeir einu sem lúti sameiginlegu eignarhaldi. Þá sé alvanalegt að í fréttatilkynningum komi fram hvar atvik áttu sér stað. Þá sé í tilkynningum sem þessum oft gengið lengra í orðalagi og umfjöllun, auk þess sem fyrirtæki séu nafngreind. Vefmiðillinn mbl.is, en ekki stefndi, hafi nafngreint staðina í frétt sinni, dags 25. ágúst 2022, en á því beri stefndi ekki ábyrgð.

68. Þá vísar stefndi til þess að stefnendur hafi ekki bent á neinar rangfærslur í tilkynningunni enda hafi hún verið rétt þar sem stefndi hafði rannsakað málið fyrir birtingu hennar.
69. Hvað varðar brot gegn meginreglum stjórnisýsluréttar og verklagsreglum byggir stefndi á því að hann sé stéttarfélag og sé meginhlutverk hans að gæta að hagsmunum félagsfólks síns samkvæmt lögum nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, en það hlutverk stéttarfélaga eigi sér stað í stjórnarskrá. Hlutverk stefnda sé þannig ekki sambærilegt stjórnvöldum. Þá sé grundvöllur stéttarfélaga annar enda fari þau ekki með opinbert vald, séu ekki rekin fyrir opinbert fé og raunar sé sérstaklega mikilvægt að þau séu sjálfstæð gagnvart ríkisvaldinu og óháð því. Stefndi sé þannig ekki stjórnvald og meginreglur stjórnisýsluréttarins eiga ekki við um starfsemi stefnda. Í málinu hafi stefndi einungis komið fram sem hagsmunagæsluaðili fyrir félagsfólk sitt. Að auki hafi engar verklagsreglur verið brotnar og það raunar ekki skýrt nánar af hálfu stefnenda. Alvanalegt sé að stéttarfélög eða heildarsamtök þeirra tilkynni fjölmiðlum um ætluð brot gegn vinnulöggjöf.
70. Þá hafnar stefndi því að starfsmenn hans hafi viðhaft rangar og villandi fullyrðingar í fjölmiðlaviðtölum enda hafi þær verið réttar og ummæli viðhöfð í góðri trú. Stefnandi Teppanyaki Iceland ehf. hafi sannanlega viðhaft stórfelldan launþjófnað enda hafi stefnandinn þegar leiðrétt launagreiðslur og þar með viðurkennt brot sín. Hvergi hafi því verið borið við að „vinnuþrælkun“ hafi verið viðhöfð, enda þótt fram hafi komið að starfsfólk hefði unnið bæði langa vinnudaga og langar vinnuvikur. Raunar hafi því verið neitað af hálfu starfsmanna stefnda að grunur væri um vinnumansal. Hafi stefndi því í engu farið með rangt mál og alls ekki sett fram rangfærslur af ásetningi. Þá hafi stefnendur ekki útskýrt hvaða verkferla stefndi eigi að hafa brotið, auk þess sem ekki sé heldur rökstutt nánar í hverju meint mismunun hafi verið fólgin. Þá sé stefndi ekki stjórnvald og ekki

bundinn af jafnræðisreglu. Helsta ástæða þess að fjallað sé um sum mál opinberlega en ekki önnur sé sú að mál séu misjafnlega alvarleg. Brot stefnenda hafi þótt alvarleg enda hafi starfsmenn af erlendu bergi brotnir verið hlunnfarnir um háar fjárhæðir.

71. Hvað varðar mismunun á grundvelli þjóðernis mótmælir stefndi þeim fullyrðingum enda ekkert sem styðji þær en stefnendur beri sönnunarbyrðina fyrir þeim. Þvert á móti liggi fyrir að ástæðan hafi verið málefnaleg, þ.e. háttsemi stefnda hafi verið viðbragð við alvarlegum brotum stefnenda gegn starfsfólki sínu. Þjóðerni fyrirsvarsmanna stefnenda hafi engu máli skipt. Að auki séu fyrirsvarsmenn stefnenda ekki aðilar málsins og gæti meint mismunun í þeirra garð þegar af þeirri ástæðu ekki komið til skoðunar. Þá eigi vísun til laga nr. 85/2018 um jafna meðferð utan vinnumarkaðar og laga nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði ekki við, en í báðum tilvikum sé gildissvið þeirra afmarkað við jafna meðferð einstaklinga og geti þau þ.a.l. ekki átt við í tilvikum stefnenda.
72. Stefndi vísar til þess að stefnendur beri sönnunarbyrði fyrir orsakatengslum og sennilegri afleiðingu á milli meints tjóns og meintrar saknæmrar háttsemi. Hvorugt sé til staðar í málinu enda hafi engin gögn verið lögð fram því til stuðnings. Af þeim takmörkuðu gögnum sem liggi fyrir í málinu verði aftur á móti ráðið að vandamál í rekstri stefnenda hafi verið til staðar og séu til komin af allt öðrum ástæðum en meintri háttsemi stefnda. Þannig megi t.d. ráða af greiðsluáskorun og aðvörun um riftun frá HTO ehf. til stefnanda Borgar 16 ehf. 26. ágúst 2022 að krafa vegna vangreiddrar húsaleigu hafi numið 29.419.599 krónum á þeim tímapunkti. Megi þannig vera ljóst að rekstur stefnandans hafi staðið höllum fæti löngu áður en atvik máls þessa gerðust. Framangreint skoðist í ljósi þess að haustið 2022 hafi aðeins verið nokkrir mánuðir frá því að takmörkunum vegna kórónaveirufaraldurs hafi verið aflétt. Þá verði ekki fram hjá því litið að stefnendur, eða hið minnsta stefnandi Teppanyaki Iceland ehf., hafi sannanlega hlunnfarið starfsmenn sína um laun frá apríl 2021. Ef rekstrargrundvöllur veitingastaðanna byggði á því að greiða starfsmönnum allt of lág laun hafi ekki verið lögmætar forsendur fyrir rekstri þeirra.
73. Byggir stefndi á því að algerlega sé ósannað að tjón hafi hlotist vegna umfjöllunar um málefni starfsmanna stefnenda. Hafi viðskiptavinir og aðrir viðsemjendur ákveðið að hætta viðskiptum við stefnendur geti verið alls konar ástæður fyrir því. Hafi málefni starfsmanna átt þátt í ákvörðunum fólks og fyrirtækja um að hætta viðskiptum hafi ástæðan ekki verið umfjöllun stefnda heldur sjálf brot stefnenda á réttindum starfs-

fólksins. Missir viðskiptavildar, hafi hún orðið, sé þannig miklu frekar afleiðing saknæmrar og ólögætrar háttsemi stefnenda, frekar en sú háttsemi að segja frá brotunum. Stefndi beri ekki ábyrgð á rekstrartjóni eða missi viðskiptavildar stefnenda á þeim grundvelli einum að hafa greint frá lögbrotum stefnenda.

74. Þá vísar stefndi til þess að hann beri ekki ábyrgð á athöfnum annarra, t.d. ekki ábyrgð á útbreiðslu og umfjöllun fjölmiðla enda meti fjölmiðlar sjálfir hvað eigi erindi við almenning og hvernig beri að haga umfjöllun og vinna fréttir. Að sama skapi verði stefndi ekki gerður ábyrgur fyrir umfjöllun annarra um málið, t.d. Alþýðusambandsins. Að auki beri hann ekki ábyrgð á brotthvarfi kokka sem störfuðu hjá stefnendum. Sú ákvörðun hafi verið tekin af kokkunum sjálfum.
75. Auk framangreinds vísar stefndi til þess að stefnendur hafi getað takmarkað tjón sitt og komið í veg fyrir það með því að virða réttindi starfsfólks síns frá upphafi. Ef ekki í upphafi hafi stefnendur getað brugðist við ábendingum og leiðrétt strax þegar upp komst um brotin. Þá hafi stefnendur átt kost á að bregðast öðruvísi við umfjöllun um brot gegn starfsfólki. Þannig hafi stefnendur t.d. getað lýst yfir ábyrgð og að laun yrðu leiðrétt í stað þess að reyna að þræta fyrir og gera lítið úr brotunum.
76. Þá byggir stefndi á því að kröfur stefnenda feli í sér tilraun til skerðingar á tjáningarfrelsi. Fréttatilkynning stefnda 25. ágúst 2022 og umfjöllun starfsmanna í fjölmiðlum hafi verið sett fram í krafti þess tjáningarfrelsis sem stefndi og starfsmenn hans njóti á grundvelli 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu. Dómur um skaðabótaábyrgð stefnda fæli þannig í sér skerðingu á tjáningarfrelsi hans. Í ljósi þess þurfi skilyrðum þeim sem mælt sé fyrir um í 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmálans til skerðingar tjáningarfrelsis að vera fullnægt svo að krafa stefnenda nái fram að ganga. Stefnendur hafi ekki bent á lagareglu sem feli í sér heimild fyrir skerðingu tjáningarfrelsis í málinu. Jafnvel þótt slík lagaregla væri til staðar myndi sú skerðing á tjáningarfrelsi, sem stefnendur geri kröfu um, ekki standast í ljósi þeirrar ríku verndar sem tjáning stefnda og starfsmanna hans njóti. Mál þetta sé í raun einhvers konar meiðyrðamál sem sett sé í búning skaðabótamáls. Stefndi telji að málið sé þannig ekki í réttum farvegi enda sé ekki gerð krafa um ómerkingu þeirra ummæla sem stefnendur byggja á að hafi valdið tjóni. Raunar hafi stefnendur ekki tilgreint sérstaklega hvaða ummæli stefnda og starfsmanna hans í fréttatilkynningu og viðtölum við fjölmiðla hafi verið til þess fallin að valda meintu tjóni.

77. Þá vísar stefndi til þess að íþyngjandi úrræðum verði ekki beitt til þess að takmarka tjáningarfrelsi þegar tjáningin felist í því að koma réttum staðreyndum á framfæri. Verði tjáningarfrelsi stefnda þannig ekki skert fyrir það eitt að miðla staðreyndum enda væri slík skerðing andstæð ákvæðum 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttinda-sáttmála Evrópu. Allar staðhæfingar stefnda vegna málsins hafa verið sannar eða a.m.k. settar fram í góðri trú. Auk þess séu þau ummæli stefnda sem feli í sér gildisdóma ekki saknæm og ólögmat. Í umræddri tilkynningu hafi komið fram að tveir veitingastaðir hefðu verið tilkynntir vegna stórfellds launaþjófnaðar. Fjallað hafi verið um mikla vinnu starfsfólksins, sem hafi unnið sex daga vikunnar, allt að 16 tíma á dag. Til viðbótar hafi þar verið fjallað um þá aðstoð sem stéttarfélagið hafi veitt starfsfólkinu. Umrædd yfirlýsing hafi byggst á vaktaáætlun starfsfólksins sem sýni fram á 8–12 klukkustunda vinnudaga starfsfólks stefnenda. Þá hafi verið byggt á upplýsingum frá fyrrum starfsmönnum stefnenda, en í samtölum við þau hafi komið í ljós að vinnutímarnir hafi í raun verið mun fleiri. Megi þannig vera ljóst að þau ummæli sem fram komu í tilkynningunni hafi verið sönn og sett fram í góðri trú. Launaþjófnað hafi stefnendur raunar viðurkennt með viðbótarlaunum til starfsmanna, hinn 11. september 2022 að fjárhæð 6.057.687 krónur og hinn 17. september 2022 að fjárhæð 7.158.239 krónur. Starfsmenn hafi verið hlunnfarnir um háar fjárhæðir vegna vangoldinna launagreiðslna. Slík háttsemi kallast „launaþjófnaður“ og því hafi stefndi talið rétt að nota það orð.
78. Þá tiltekur stefndi að jafnvel þótt talið yrði að einhverrar ónákvæmni hefði gætt í tjáningu og framsetningu stefnda sé slíkt ekki nægjanlegt til þess að réttlæta að tjáningarfrelsi hans verði skert, sér í lagi í ljósi þess að tjáning stefnda hafi verið sett fram í góðri trú um að heimildir þær sem tjáningin byggði á væru traustar. Í þessu samhengi skoðist að aðrir aðilar, svo sem lögreglan og Vinnueftirlitið, hafi einnig séð tilefni til þess að skoða starfsemi stefnenda. Slík rannsókn fari ekki fram að ástæðulausu og styrki enn fremur ályktun um góða trú stefnda.
79. Þá vísar stefndi til þess að hans tjáning sem sæti skoðun njóti rýmkaðs tjáningarfrelsis. Af dómaframkvæmd megi ráða að tjáning njóti ríkari verndar en ella ef hún varði almenning, en launaþjófnaður og meðferð starfsfólks sé málefni er varði almenning. Þegar samtök sem hafi það hlutverk að gæta mannréttinda varpi ljósi á málefni sem varði almenning séu þau með sama hætti og fjölmiðlar að sinna upplýsingaskyldu við almenning og gildi þannig jafnframt hið rýmkaða tjáningarfrelsi.

Niðurstaða

A

80. Með aðalkröfu krefst stefnandi Teppanyaki Iceland ehf. þess að viðurkennd verði með dómi skaðabótaskylda stefnda vegna tjóns sem stefnandi varð fyrir vegna eftirfarandi háttsemi: a) háttsemi starfsmanna á vegum stefnda við vettvangsheimsókn þann 19. ágúst 2022 á veitingastaðinn Flame sem stefnandi rekur; b) útgáfu fréttatilkynningar stefnda sem send var fjölmiðlum 25. ágúst 2022; og c) umfjöllunar starfsmanna á vegum stefnda í kjölfar fréttatilkynningarinnar í fjölmiðlum í tengslum við veitingastaðinn Flame sem stefnandi rekur. Varakrafa stefnandans er samhljóða aðalkröfunni nema að því leyti til að háttsemi stefnda sem krafist er viðurkenningar á skaðabótaskyldu vegna er sundurliðuð í þremur staflaðum í aðalkröfu en ósundurliðuð í varakröfu. Fyrir dómi vísaði umræddur stefnandi til þess að ástæða varakröfunnar væri sú að framsetning aðalkröfu styddist við úrskurð Landsréttar frá 6. apríl 2022 í máli nr. 9/2022 en varakrafan við dóm Hæstaréttar frá 18. maí 2017 í máli nr. 563/2016. Til að kröfugerð yrði ekki málatilbúnaði umrædds stefnanda til trafala fyrir dómi hefði hann afráðið að setja fram tvær útgáfur krafna í samræmi við fyrrnefnd dómafordæmi.
81. Aðalkrafa stefnanda Teppanyaki Iceland ehf. um viðurkenningu á skaðabótaskyldu er nægjanlega ákveðin og skýr þannig að unnt sé að taka hana upp svo til óbreytta í dómsorð verði á hana fallist. Þá er dómnum kleift að ganga skemmra en dómkrafan hljóðar með því að fallast á að sum háttsemi, en ekki öll, sem vísað er til í aðalkröfunni hafi leitt til skaðabótaskyldu stefnda. Málatilbúnaður umrædds stefnanda ber og með sér að krafist sé viðurkenningar vegna háttsemi sem er afmörkuð nánar í stefnu og hver háttsemi skuli skoðast sjálfstætt óháð annarri sem aðalkrafan lýtur jafnframt að. Varakrafa stefnanda Teppanyaki Iceland ehf. er efnislega samhljóða aðalkröfunni, og haldbær rök hafa ekki verið færð fram til stuðnings því að varakrafan skuli sæta efnislegri úrlausn að fenginni úrlausn um aðalkröfu stefnandans. Verður því ekki hjá því komist að vísa varakröfunni frá dómi án kröfu, sbr. d-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sama á við að breyttu breytanda um varakröfu stefnanda Borgar 16 ehf., sem er efnislega samhljóða aðalkröfu hans, og er henni jafnframt vísað frá dómi án kröfu.

B

82. Áður en tekin verður afstaða til efnislegs ágreinings málsaðila er rétt að leysa úr því hvort tiltekna málsástæður stefnenda, sem komu fram við munnlegan flutning málsins, komist að í málinu, en stefndi mótmælti þeim með bókun í þingbók við aðalmeðferð málsins.
83. Stefnendur vísuðu til þess að stefndi hefði gerst brotlegur við lög nr. 42/2010 um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum. Lutu málsástæður sem stefnendur settu skýrlega fram með vísan til umræddra laga við munnlegan flutning málsins að því annars vegar að fréttatilkynning stefnda 25. ágúst 2022, og eftirfarandi fjölmiðlaumfjöllun, hefði farið í bága við 2. málsl. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 42/2010. Í því ákvæði segir m.a. að eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins sé, vegna eftirlits á vinnustöðum, óheimilt að veita öðrum upplýsingar um starfsemina, starfsmenn eða aðra aðila ef þeir hafa fengið upplýsingarnar vegna eftirlits síns og ástæða sé til að ætla að þeim skuli haldið leyndum. Hins vegar vísaði stefnandi Teppanyaki Iceland ehf. til 6. mgr. 4. gr. laganna þar sem segir að eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins sé heimilt að leita aðstoðar lögreglu við eftirlit á vinnustöðum þegar slíkt þygi nauðsynlegt. Vísuðu stefnendur til þess að um lagarök væri að ræða sem féllu m.a. innan vébanda málsástæðna er lytu að saknæmri og ólögmati háttsemi stefnda.
84. Í dómi Hæstaréttar frá 14. desember 2022 í máli nr. 35/2022, efnisgrein 26, er málsástæða skilgreind svo að um sé að ræða staðhæfingu aðila um atvik eða staðreyndir sem hann telji að leiði til þess samkvæmt lögum að krafa hans verði tekin til greina. Svo sem í dóminum er rakið kann að vera örðugt í sumum tilvikum að gera greinarmun á málsástæðum og lagarökum þar sem þau kunna að tvinnast saman.
85. Hvergi í stefnu er vikið að lögum nr. 42/2010 eða brotum gegn þeirri löggjöf af hálfu stefnda. Sú staðreynd ein og sér gerir það þó ekki að verkum að umræddar málsástæður séu of seint fram komnar enda getur lýsing í máltilbúnaði stefnenda fangað þau rök sem byggt er á, og sem heimfæra má til tiltekins lagaákvæðis, þótt ekki sé vísað til lagaákvæðis sérstaklega. Á hinn bóginn verður ekki fallist á með stefnendum að almenn tilvísun til saknæmrar eða ólögmatrar háttsemi stefnda með útgáfu fréttatilkynningar og eftirfarandi fjölmiðlaumfjöllunar fangi þá málsástæðu að brotið hafi verið gegn 2. málsl. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 42/2010, sem varðar vissa þagnarskyldu vegna eftirlits á vinnustöðum. Þannig hefur almenn umfjöllun um saknæma og ólögmeta háttsemi ekki að geyma þann efnislega kjarna sem finna má í tilvísuðu ákvæði og þannig að stefndi hafi getað fært fram rök gegn þeirri málsástæðu í greinargerð. Fær umrædd málsástæða og

ekki stoð í öðrum málsástæðum stefnenda í stefnu. Er hún því of seint fram komin og sætir ekki efnislegri úrlausn, sbr. 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

86. Á hinn bóginn er byggt á því í stefnu, í tengslum við saknæma háttsemi stefnda, að stefndi hefði tekið ákvörðun um að óska eftir aðstoð lögreglu við eftirlitsheimsókn, en stefndi hefði gengið með eindæmum hart fram gagnvart veitingastaðnum Flame. Í greinargerð stefnda er vísað til 6. mgr. 4. gr. laga nr. 42/2010 og þess m.a. að brýnt hefði verið, í ljósi fyrirliggjandi upplýsinga um ýmis lögbrot stefnanda Teppanyaki Iceland ehf., að stefndi sinni lögbundnu eftirlitshlutverki. Eðli þeirra upplýsinga sem hefðu legið fyrir þegar eftirlitsheimsókn hefði farið fram hefði verið þannig að rétt hefði verið að kalla til lögreglu. Er af framangreindu ljóst að umrædd málsástæða stefnanda Teppanyaki Iceland ehf., um brot stefnda gegn 6. mgr. 4. gr. laga nr. 42/2010, er ekki of seint fram komin.
87. Þá vísaði stefnandi Teppanyaki Iceland ehf. við munnlegan flutning málsins til þess að fulltrúar stefnda hefðu blekkst starfsfólk stefnandans við eftirlitsheimsókn 19. ágúst 2022, en stefndi telur þá málsástæðu of seint fram komna. Í stefnu er byggt á því að starfsmenn stefnda hafi viðhaft fullyrðingar og rangfærslur við þáverandi starfsmenn stefnanda Teppanyaki Iceland ehf. með þeim afleiðingum að þeir hafi farið af vinnustaðnum og stefnandinn ekki átt annarra kosta vól en að loka veitingastaðnum Flame í kjölfarið. Orðið blekking þýðir *vísvitandi rangfærsla* og er að því leyti til sértækara en orðið *rangfærsla*. Ekki verður hins vegar fallist á með stefnda að sú orðnotkun við munnlegan flutning málsins feli í sér nýja málsástæðu enda sannanlega byggt á því af hálfu stefnanda Teppanyaki Iceland ehf. að fulltrúar stefnda hafi við umrædda eftirlitsheimsókn veitt rangar upplýsingar og færir stefndi rök í gagnstæða átt í greinargerð sinni fyrir dómi, þ.e. m.a. að hvorki sé ólögmætt né saknæmt að upplýsa starfsfólk stefnanda Teppanyaki Iceland ehf. um staðreyndir. Er umrædd málsástæða því ekki of seint fram komin í skilningi 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991.

C

88. Ágreiningur aðila lýtur að því hvort stefndi hafi valdið stefnendum tjóni með saknæmri og ólögmætri háttsemi vegna eftirlitsheimsóknar stefnda á Flame 19. ágúst 2022, veitingastað stefnanda Teppanyaki Iceland ehf., með útgáfu fréttatilkynningar 25. ágúst 2022 og vegna umfjöllunar starfsmanna á vegum stefnda í kjölfarið í fjölmiðlum. Stefnandi Teppanyaki Iceland ehf. hefur uppi kröfu um viðurkenningu á bótaskyldu vegna

tjóns sökum fyrrnefndrar eftirlitsheimsóknar stefnda. Báðir stefnendur hafa uppi viðurkenningarkröfur um fyrrgreinda fréttatilkynningu stefnda annars vegar og vegna umfjöllunar starfsmanna á vegum stefnda í kjölfarið í fjölmiðlum hins vegar.

D

89. Hvað varðar eftirlitsheimsókn stefnda á Flame, veitingastað í eigu stefnanda Teppanyaki Iceland ehf., hinn 19. ágúst 2022 er óumdeilt, svo sem stefndi vísar til í málatilbúnaði sínum, að sú heimsókn fór fram á grundvelli 4. gr. laga nr. 42/2010 um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum. Markmið slíkra heimsókna er að ganga úr skugga um að atvinnurekandi og starfsmenn hans starfi í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kjarasamninga, sbr. 1. mgr. 4. gr. laganna. Samkvæmt 6. mgr. 4. gr. laga nr. 42/2010 er eftirlitsfulltrúum samtaka aðila vinnumarkaðarins heimilt að leita aðstoðar lögreglu við eftirlitið þegar slíkt þykir nauðsynlegt.
90. Stefnandi Teppanyaki Iceland ehf. byggir á því að fulltrúar stefnda hafi sýnt af sér saknæma háttsemi við eftirlitsheimsóknina. Í stefnu er m.a. vísað til þess að stefndi hafi gengið gegn eigin verklagsreglum. Skoruðu stefnendur í stefnu á stefnda að leggja fram verklagsreglur „sem stefndi viðhefur þegar upp kemur grunur um vanreiknuð laun til félagsmanna stefnda“.
91. Við meðferð málsins fyrir dómi lagði stefndi fram „Handbók eftirlitsfulltrúa – Leiðarljós fyrir eftirlitsfulltrúa ASÍ og stéttarfélaganna“ sem gefin var út af Alþýðusambandi Íslands (ASÍ) í ágúst 2021, og vísaði stefnandi Teppanyaki Iceland ehf. til hennar við munnlegan málflutning til stuðnings því að starfsmenn stefnda hefðu sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi við eftirlitsheimsóknina 19. ágúst 2022. Umrædd handbók var stefnendum ekki aðgengileg fyrr en eftir að mál þetta var höfðað, auk þess sem málsástæður um brot gegn verklagsreglum voru tilteknaðar í stefnu, og sætir því m.a. skoðun hvort háttsemi stefnda, sem stefnandi Teppanyaki Iceland ehf. byggir á að hafi verið saknæm og ólögmæt, hafi verið í andstöðu við umræddar reglur.
92. Í stefnu er vísað til þess að starfsmenn stefnda hafi við eftirlitsheimsóknina viðhaft fullyrðingar og rangfærslur við starfsfólk stefnanda Teppanyaki Iceland ehf. með þeim afleiðingum að það fór af vinnustaðnum og að ekki hafi aðrir kostir verið í stöðunni en að loka staðnum í kjölfarið. Þannig hafi starfsmenn stefnda fullyrt við starfsfólkið að það fengi greidd of lág laun, eigendur Flame væru í miklum vanskilum og gætu ekki greitt laun um næstu mánaðamót, varast skyldi það þegar fyrirsvarsmenn stefnanda töluðu um

fjölskyldur sínar og að stefndi gæti útvegað starfsfólkinu vinnu sem myndi skila því 500.000–600.000 krónum á mánuði inn á bankareikning fyrir sambærilega vinnu. Þar kemur jafnframt fram, í tengslum við umfjöllun um saknæma háttsemi, að starfsmenn stefnda hafi viljað hafa lögreglu á vettvangi, hafi lýst því yfir við lögreglu að þeir vildu starfsfólkið burt af veitingastaðnum Flame og fá það í íbúð á sínum vegum. Þessum málalíbúnaði hafnar stefndi og vísar til þess að eftirlitsheimsóknin hafi hvorki verið saknæm né ólögmat. Hvað rangfærslur varði sérstaklega sé hvorki saknæmt né ólögmat að upplýsa starfsfólk um staðreyndir.

93. Í kafla handbókarinnar er varðar eftirlitsheimsókn segir m.a. að eftir að rætt hafi verið við stjórnanda á svæðinu, eða meðan einn eftirlitsfulltrúi geri það, megi hefjast handa við að ræða við starfsfólk. Ganga skuli úr skugga um eins og kostur sé að starfsfólk njóti þeirra starfskjara sem því beri og hvort það hafi þau starfsréttindi sem nauðsynleg séu vegna starfsins. Skilja skuli eftir kynningarefni eftir því sem við eigi og upplýsingar um hvar megi nálgast frekari upplýsingar um starfskjör, réttindi og skyldur. Eftirliti skuli þannig hátað að sem minnst röskun verði fyrir starfsemina. Atvinnurekanda eða fulltrúa hans sé óheimilt að hafa áhrif á framkvæmd eftirlitsins. Ef grunur leiki á um að önnur lög séu brotin, svo sem skattalög eða önnur lög sem Vinnumálastofnun eða Vinnueftirliti ríkisins sé ætlað að fylgja, skuli láta viðkomandi stofnun vita þegar í stað. Alltaf skuli hafa í huga að megintilgangur eftirlitsins sé að upplýsa og vernda starfsfólk, þegar metin sé þörf fyrir aðkomu lögreglu eða annarra stofnana.
94. Í kaflanum „Eftirfylgni vinnustaðaheimsókna“ í fyrrnefndri handbók segir m.a. að ef grunur leiki á um að kjarasamningar séu ekki virtir og brotið sé á starfsfólki sé mikilvægt að viðkomandi stéttarfélag fylgi málinu eftir með kröfum um úrbætur og öðrum þeim leiðum sem tiltækar séu. Rétt sé að nýta samráðsnefnd ASÍ og Samtaka atvinnulífsins (SA) eftir því sem við eigi. Í viðauka IV við handbókina er að finna leiðbeiningar um ósk eftir aðstoð lögreglu á höfuðborgarsvæðinu. Segir þar að í samráði við lögreglustjóran á höfuðborgarsvæðinu hafi verið mótuð verklagsregla þegar eftirlitsmenn telja þörf á aðstoð lögreglu vegna starfa sinna. Segir þar m.a. að í þeim tilvikum sem aðdragandi sé lengri eða mál geti beðið í einhvern tíma og kalla þurfi eftir aðstoð eða aðkomu lögreglu sé best að hafa samband við stöðvarstjóra eða aðalvarðstjóra viðkomandi lögreglustöðvar og gera grein fyrir málinu.
95. Svo sem rakið er nánar í málsatvikalýsingu hér að framan liggur fyrir dóminum upptaka af eftirlitsheimsókn stefnda á veitingastaðinn Flame 19. ágúst 2022. Af henni má ráða að

tveir fulltrúar stefnda hafi mætt ásamt tveimur lögreglumönnum í eftirlitsheimsóknina og hafi þrír starfsmenn stefnanda Teppanyaki Iceland ehf. verið þar að störfum. Í upphafi eftirlitsheimsóknarinnar óskuðu eftirlitsfulltrúar stefnda m.a. eftir upplýsingum um hve lengi starfsfólkið hefði unnið á veitingastaðnum og hve langur vinnudagur þess væri. Af samskiptunum að dæma virðist starfsfólkið hafa upplýst um laun sín og einn starfsmaðurinn sagst vinna a.m.k. 10 tíma á dag. Þá kom fram í máli starfsfólksins að það byggi saman að X, en ráða verður að fulltrúar stefnda hafi verið upplýstir um að húsnæðið væri í eigu fyrirsvarsmanna stefnanda Teppanyaki Iceland ehf. Sögðu fulltrúar stefnda að þeir vildu hjálpa starfsfólkinu að fá aðra vinnu, útvega því íbúð og að það hætti störfum fyrir stefnanda Teppanyaki Iceland ehf. Fulltrúar stefndu upplýstu um að þeir héldu að starfsfólkið myndi ekki fá greitt um næstu mánaðamót vegna vinnu ágústmánaðar. Þá kom fram í máli fulltrúa stefnda að stefnandi Teppanyaki Iceland ehf. væri í mikilli skuld við íslenska ríkið, ekki væru greiddir skattar eða lögbundin gjöld og því hefði ríkið lagt fram kæru og fryst allar eignir á öllum bankareikningum. Þá kom fram í máli eins starfsmanns stefnandans að lágmarksvinna væri 10 tímar en ekki væri öll vinna skráð. Sagði fulltrúi stefnda þá við lögreglumann að raunverulega væri vinnan 16 eða 17 tímar á dag, eins og Íslendingar myndu telja þá.

96. Af framlagðri upptöku og uppritun hennar er ljóst að fulltrúar stefnda lögðu að starfsfólki Teppanyaki Iceland ehf. að yfirgefa veitingastaðinn Flame og höfðu hug á að koma starfsfólkinu fyrir í húsnæði á vegum stefnda. Sögðust fulltrúar stefnda einnig geta aðstoðað starfsfólkið við að fá aðra launaða vinnu. Þá staðhæfði fulltrúi stefnda, sem fyrr greinir, að stefnandi Teppanyaki Iceland ehf. væri í skuld við ríkið þannig að reikningar félagsins væru frystir, en ekkert liggur fyrir í málinu um að sú staðhæfing hafi átt við rök að styðjast.
97. Ljóst er að eftirlitsheimsóknir líkt og sú sem stefndi réðst í hafa þann tilgang að ganga úr skugga um að atvinnurekandi og starfsmenn hans starfi í samræmi við gildandi lög, reglugerðir og kjarasamninga. Eftirlitsheimsókn skal því m.a. hafa það markmið að afla upplýsinga um raunveruleg launakjör starfsmanna og getur leitt til viðbragða, m.a. af hálfu stéttarfélags, sé eitthvað brogað í þeim efnunum.
98. Við eftirlitsheimsókn stefnda 19. ágúst 2022 verður ekki ráðið að sá tilgangur hafi einn verið grundvöllur athugunar fulltrúa stefnda. Þannig má ráða af samtölum fulltrúa stefnda við starfsfólk veitingastaðarins og lögreglumenn að þeir höfðu fremur fastmótaðar hugmyndir um hvernig væri í pottinn búið á vettvangi Flame hvað launakjör og

aðstæður starfsfólksins varðar og hefðu það helst að markmiði að koma starfsfólkinu úr réttarsambandi við stefnanda Teppanyaki Iceland ehf. Þótt sannað sé að verulegur misbrestur hafi verið við launauppgjör umrædds stefnanda gagnvart starfsfólki sínu, og svo sem nánar verður rakið, gengu fulltrúar stefnda hart fram í því að fullyrða um stöðu stefnanda Teppanyaki Iceland ehf., einkum með því að staðhæfa að félagið væri í skuld við íslenska ríkið og þannig að laun yrðu eftir atvikum ekki greidd um næstu mánaðamót, en þær fullyrðingar fá enga stoð í gögnum málsins sem fyrir greinir. Skoðast framangreint í ljósi þess að í fyrrnefndri handbók ASÍ kemur fram að ef grunur leikur á um að kjarasamningar séu ekki virtir og brotið sé á starfsfólki sé mikilvægt að viðkomandi stéttarfélag fylgi málinu eftir með kröfum um úrbætur og öðrum þeim leiðum sem tiltækar séu. Ekki er þar mælt fyrir um að stéttarfélag, líkt og stefndi, skuli hvetja starfsfólk til að hlaupa úr starfi, við aðstæður sem þessar, heldur skuli leita annarra og formlegri leiða til launauppgjors séu brotalamir fyrir hendi í þeim efnunum. Mál kunna á hinn bóginn að snúa öðruvísi við leiki grunur á um afar alvarleg afbrot atvinnurekenda, svo sem á við í mansalsmálum, en slíku er ekki borið við af hálfu stefnda.

99. Í fyrirliggjandi samhengi verður ekki talið að sú staðreynd að lögreglumenn voru viðstaddir eftirlitsheimsókn stefnda feli í sér sjálfstætt réttarbrot enda heimilt að óska liðsinnis lögreglu þyki það nauðsynlegt, sbr. 6. mgr. 4. gr. laga nr. 42/2010, en telja verður svigrúm nokkurt í þeim efnunum enda kann að vera örðugt að ráða fyrir fram hvort viðvera lögreglu kunni að vera nauðsynleg.
100. Á hinn bóginn vék háttsemi fulltrúa stefnda við eftirlitsheimsóknina verulega frá þeirri háttsemi sem vænta mátti af þeim, einkum í ljósi skráðra háttætnisreglna sem fram koma í handbók ASÍ um eftirlitsfulltrúa. Skoðast framangreint í ljósi þess að stefnda er falið sérstakt hlutverk við eftirlit á vettvangi atvinnurekenda og verður að gera ríkar kröfur til þess að hann fari með slíkar heimildir í samræmi við skráðar háttætnisreglur. Að teknu tilliti til þessa, að virtum framangreindum atvikum, er ljóst að umrædd eftirlitsheimsókn fór fram með ólögætum hætti og að framganga fulltrúa stefnda var þess eðlis að skilyrðinu um saknæmi er jafnframt fullnægt, en á umræddri háttætni ber stefndi ábyrgð samkvæmt reglum um vinnuveitendaábyrgð.
101. Samkvæmt öllu framangreindu verður lagt til grundvallar að stefndi hafi sýnt af sér saknæma og ólögætta háttætni við eftirlitsheimsóknina 19. ágúst 2022. Reynir þá á hvort líta beri svo á að öðrum skilyrðum viðurkenningar skaðabótaskyldu sé fullnægt.

102. Með málsókn þessari neytir stefnandi Teppanyaki Iceland ehf. heimildar 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála til að leita dóms um viðurkenningu á skaðabótaskyldu stefnda en þar segir að hafi sóknaraðili lögvarða hagsmuni af því að skorið sé úr um tilvist eða efni réttinda eða réttarsambands geti hann leitað viðurkenningardóms um kröfur sínar í þeim efnum. Gildir þetta án tillits til þess hvort honum væri þess í stað unnt að leita dóms sem mætti fullnægja með aðför. Í dómaframkvæmd hefur verið við það miðað að það sé skilyrði fyrir beitingu heimildar ákvæðisins að sá sem mál höfðar leiði nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni af nánar tilteknu tilefni, geri grein fyrir því í hverju tjónið felist og hver tengsl þess séu við atvik máls.
103. Stefnandi Teppanyaki Iceland ehf. hefur lagt fram virðisaukaskattsskýrslur til sönnunar um að hann hafi orðið fyrir tjóni, en af framlögðum skýrslum má ráða að tekjur stefnanda lækkuðu frá því að eftirlitsheimsókn stefnda fór fram 19. ágúst 2022, sé t.d. litið til virðisaukaskattsskýrslna vegna ágúst 2022 til desember s.á. og þær bornar saman við sams konar skýrslur fyrri mánuði ársins 2022. Jafnframt er ljóst að veitingastaðurinn Flame lokaði strax í kjölfar eftirlitsheimsóknarinnar, sökum brotthvarfs þriggja sérhæfðra starfsmanna stefnandans, og var hann raunar að mestu lokaður til mars 2023. Með þessu þykir stefnandi hafa leitt nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni sem rekja megi til eftirlitsheimsóknarinnar.
104. Stefndi hefur vísað til þess að þrátt fyrir að sök yrði viðurkennd og fullnægjandi líkur færðar fram fyrir því að stefnandi Teppanyaki Iceland ehf. hefði orðið fyrir tjóni vegna eftirlitsheimsóknarinnar væri það ekki að rekja til saknæmrar háttsemi hans. Þannig væri skilyrðum skaðabótaréttar um orsakatengsl og sennilega afleiðingu ekki fullnægt. Vandamál hafi verið í rekstri stefnanda Teppanyaki Iceland ehf. af öðrum ástæðum en af háttsemi stefnda. Haustið 2022 hafi aðeins nokkrir mánuðir verið liðnir frá því að takmörkunum vegna kórónaveirufaraldursins var aflétt og rekstraraðstæður verulega erfiðar. Þá hafi stefnandi Teppanyaki Iceland ehf. sannanlega hlunfarið starfsmenn sína um laun frá apríl 2021 og því ekki lögmætar forsendur fyrir rekstri hans. Að auki beri stefndi ekki ábyrgð á brotthvarfi kokka sem hafi starfað hjá stefnanda Teppanyaki Iceland ehf. enda hafi sú ákvörðun verið tekin af kokkunum sjálfum. Stefnandinn geti, eins og aðrir sem reki fyrirtæki, alltaf lent í því að starfsfólk hætti.
105. Svo sem rakið er að framan hefur stefnandi Teppanyaki Iceland ehf. leitt nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni vegna eftirlitsheimsóknar stefnda 19. ágúst 2022. Það kippir ekki stoðum undan framangreindu þótt rekstrarumhverfi veitingastaða hafi á

umræddum mánuðum verið erfitt vegna kórónaveirufaraldursins, í ljósi nokkurs tekjufalls staðarins samkvæmt virðisaukaskattsskýrslum eftir heimsóknina og lokunar hans í kjölfar heimsóknarinnar. Þá haggar það ekki tekjufalli veitingastaðarins þótt launauppgjör hafi ekki verið í samræmi við kjarasamninga. Hins vegar má fallast á með stefnda að ekki sé hægt að fullyrða að þrír sérhæfðir starfsmenn stefnanda Teppanyaki Iceland ehf., sem yfirgáfu veitingastaðinn Flame 19. ágúst 2022, hefðu haldið áfram störfum hefði háttsemi fulltrúa stefnda við heimsóknina verið í samræmi við skráðar háttæmisreglur. Á hinn bóginn hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að fulltrúar stefnda hafi sýnt af sér saknæma og ólögmeða háttæmi við eftirlitsheimsóknina og stefnandi Teppanyaki Iceland ehf. hafi fært fram nægar líkur á því að hann hafi orðið fyrir tjóni sem rekja megi til háttæminnar. Þykir rétt að skýra allan vafa um orsakatengsl stefnandanum í hag. Þá verður lagt til grundvallar að stefnda hafi mátt vera ljóst að framganga fulltrúa hans við eftirlitsheimsóknina gæti valdið tjóni og telst því skilyrði skaðabótaréttar um sennilega afleiðingu jafnframt vera uppfyllt.

106. Samkvæmt framangreindu er því fullnægt skilyrðum fyrir skaðabótaskyldu en er þá aðeins leyst úr lögmeði eftirlitsheimsóknar stefnda án þess að nokkru sé slegið föstu um í hvaða mæli þær aðgerðir hafi leitt til tjóns fyrir umræddan stefnanda.
107. Að þessu virtu verður því fallist á kröfu stefnanda Teppanyaki Iceland ehf. um viðurkenningu á skaðabótaskylda stefnda vegna tjóns sem stefnandi Teppanyaki Iceland ehf. varð fyrir vegna háttæmi starfsmanna á vegum stefnda við eftirlitsheimsókn hinn 19. ágúst 2022 á veitingastaðinn Flame sem stefnandi Teppanyaki Iceland ehf. rekur.

E

108. Hvað varðar fréttatilkynningu stefnda 25. ágúst 2022 krefjast báðir stefnendur viðurkenningar á skaðabótaskyldu vegna hennar og eru málsástæður þeirra að meginstefnu til þær sömu til stuðnings kröfum sínum. Umrædd yfirlýsing stefnda var lögð fyrir dóminn við meðferð málsins en svo sem nánar er reifað í málsatvikalýsingu hér að framan kom m.a. fram í henni að við eftirlitsheimsókn stefnda 19. ágúst 2022 hefði vaknað grunur um stórfelldan launaþjófnað á tveimur veitingastöðum í eigu sömu aðila. Starfsfólk hefði unnið 10–16 klukkustundir á dag sex daga vikunnar og virtist hafa fengið lágmarkslaun greidd, ekkert vaktaálag, enga yfirvinnu, ekkert orlof og annað sem hefði verið samið um á íslenskum vinnumarkaði. Launakröfur á hendur fyrirtækjunum myndu hlaupa á milljónum. Starfsmenn veitingastaðanna hefðu búið í íbúð á vegum atvinnurekanda en

hefði verið boðið að fara í íbúð á vegum stéttarfélags og hefðu þegið það. Þá sagði þar orðrét: „Það er ólíðandi að fyrirtæki skuli koma fram á þennan ómanneskjulega hátt [...]“

109. Stefnendur vísa til þess að starfsmenn stefnda hafi sýnt af sér saknæma háttsemi við útgáfu yfirlýsingarinnar þar sem stefndi hafi þá ekki séð hlið stefnenda. Þannig hafi stefnda mátt vera ljóst að hann hefði ekki fullnægjandi mynd af staðreyndum málsins er fréttatilkynningin hafi verið gefin út. Hún hafi verið gefin út án fullnægjandi málsmeðferðar og engin stoð fyrir henni að öðru leyti. Í því samhengi megi heimfæra meginreglur stjórnsluréttar yfir á stefnda, sem stéttarfélag, sem hafi ekki fylgt rannsóknarreglu, meðalhófsreglu og andmælareglu. Að auki hafi stefndi gefið nægilega ítarlegar upplýsingar um veitingastaðina Flame og Bambus svo ekki hafi þurft að nafngreina þá en engu að síður hafi verið ljóst um hvaða staði hafi verið rætt. Þá hafi fullyrðingar um stórfelldan þjófnað, svo sem það er orðað, og 10–16 stunda vinnudag sex daga vikunnar verið rangar. Hvað sem líði lagaheimild til birtingar tilkynningarinnar hafi efni hennar verið rangt og a.m.k. gefið til kynna að málið væri mun alvarlegra en tilefni væri til. Þá hafi verklagsreglum ekki verið fylgt.
110. Þótt lögaðilar hafi hagsmuni af því að verða ekki fyrir óréttmætu umtali eru þeir hagsmunir öðruvísi en hagsmunir einstaklinga og fremur viðskiptalegs eðlis. Þannig hafa lögaðilar ekki verið taldir njóta stjórnarskrárbundinnar æruverndar, svo sem einstaklingar gera samkvæmt 71. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. lög nr. 33/1944. Afmörkun á hagsmunum skiptir máli við mat á því hvort skilyrðum til takmörkunar á tjáningarfrelsi sé fullnægt, sbr. 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar. Þannig þarf meira að koma til þegar um lögaðila er að ræða heldur en einstaklinga svo tjáning sem beinist að lögaðilum sæti takmörkunum, sbr. til hliðsjónar dóm Landsréttar 3. febrúar 2023 í máli nr. 724/2021.
111. Að auki má ráða að stéttarfélög hafa sérstöku hlutverki að gegna í íslenskri réttarskipan sem hagsmunagæsluáðilar verkalýðsstéttarinnar, en á slík félög er sérstaklega minnst í 1. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar ásamt stjórnsmálafélögum. Þá má ráða m.a. af dómi yfirdeildar Mannréttindadómstóls Evrópu 12. september 2011 í málum nr. 28955/06, 28957/06, 28959/06 og 28964/06 að stéttarfélög njóti tjáningarfrelsis samkvæmt 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, m.a. til að tjá sig um réttindi félagsmanna þeirra. Þau ummæli sem fram koma í umræddri yfirlýsingu voru birt opinberlega og vörðuðu umræðu um réttindi launþega á íslenskum vinnumarkaði og þá sérstaklega

erlends starfsfólks. Verður stjórnarskrárvarið tjáningarfrelsi stefnda samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar, í ljósi hlutverks hans og þess sem að framan greinir, skýrt rúmt.

112. Fyrir liggur að upplýsingar komu fram við eftirlitsheimsókn stefnda 19. ágúst 2022 um að launagreiðslur stefnanda Teppanyaki Iceland ehf. til starfsfólks, a.m.k. þeirra þriggja starfsmanna sem yfirgáfu veitingastaðinn Flame í kjölfar heimsóknarinnar, hafi ekki verið í samræmi við kjarasamninga. Þannig kom fram í máli starfsfólksins að vinnudagar væru a.m.k. 10 tímar á dag og það ynni sex daga vikunnar. Þá kom fram í máli starfsfólksins að sumar vaktir hefðu ekki verið skráðar, m.a. þegar starfsmenn hjálpuðu á veitingastaðnum Bambus í eigu stefnanda Borgar 16 ehf. Mátti stefndi af því ráða að einhverjir tímar kynnu að vera umfram skráða tíma í tímaskráningu. Hafði stefndi nægjanlegar upplýsingar um misfellur við launauppgjör í kjölfar eftirlitsheimsóknarinnar til að fjalla um á opinberum vettvangi þótt tímaskráningar frá stefnanda Teppanyaki Iceland ehf. hefðu þá ekki legið fyrir. Gefur framangreint og ekki annað til kynna en að stefndi hafi verið í góðri trú um inntak yfirlýsingarinnar, m.a. hvað varðar vinnustundir og vinnudaga. Verður því ekki fallist á með stefnendum að á stefnda hafi hvílt skylda til að viðhafa frekari málsmeðferð, á ólögfestum grunni eða samkvæmt verklagsreglum sem ekki er nánar afmarkað í málalíbúnaði þeirra, í ljósi þeirra upplýsinga sem lágu fyrir við útgáfu yfirlýsingarinnar.
113. Í fyrirliggjandi samhengi liggur einnig fyrir að stefnandi Teppanyaki Iceland ehf. hefur innt af hendi greiðslur til umræddra starfsmanna að fjárhæð samtals 13.215.926 krónur auk mótframlags í lífeyrissjóð og launatengdra gjalda, en þótt hluti þeirrar fjárhæðar hafi lotið að greiðslum vegna vinnu sem innt var af hendi í ágústmánuði 2022 er ljóst að þorri greiðslanna laut að vangreiddum launum stefnandans. Þannig er óumdeilt að launauppgjör stefnandans var ekki í samræmi við kjarasamninga.
114. Hvað varðar tilvísanir stefnenda til meginreglna stjórnarsýsluréttar sérstaklega verður ekki ráðið að lög mæli fyrir um að þær reglur gildi um stéttarfélög vegna útgáfu yfirlýsinga, og það raunar ekki rakið nánar af hálfu stefnenda. Að stéttarfélögum er sérstaklega vikið í 1. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar, svo sem fyrr greinir, og þá kemur fram í 1. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur að rétt eigi menn á að stofna stéttarfélög og stéttarfélagssambönd í þeim tilgangi að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum verkalýðsstéttarinnar og launtaka yfirleitt. Verður því fallist á með stefnda að um hann hafi ekki gilt reglur stjórnarsýsluréttarins, hvorki samkvæmt stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 né á ólögfestum grunni.

115. Svo sem að framan greinir verður ekki ráðið að stefndi hafi verið í vondri trú þegar hann tiltók í tilkynningu að starfsfólk, sem starfaði á Flame, hefði unnið 10–16 tíma á dag sex daga vikunnar, en fyrir liggur að algengt var að starfsfólkið hafi unnið sex daga vikunnar þótt skráður vinnutími, sem síðar var kunngjörður stefnda, hafi verið undir 16 tímum, þ.e. mest 13 tímar í eitt skipti. Hugtakið launabjófnaður, sem notað var í tilkynningunni, er ekki að finna í orðabók. Inntak þess verður skilið á þann hátt að um sé að ræða þá háttsemi að greiða starfsfólki lægri laun en lögbundið sé og hagnast þannig á kostnað starfsfólksins. Í samhengi við ummæli tilkynningarinnar, m.a. að ógreiddar launakröfur myndu hlaupa á milljónum, verður ekki fallist á með stefnendum að stefndi hafi gengið of langt í tjáningu með því að segja frá grun um stórfelldan launabjófnað þannig að ólögmætt og saknæmt geti talist, enda verða skorður við tjáningu hans að sæta þröngri skýringu, sbr. 3. mgr. 73. gr. stjórnarskrárinnar. Þá verður ráðið af framlögðum gögnum að starfsfólk stefnanda Teppanyaki Iceland ehf. hafi fengið greidd lágmarkslaun og vantað hafi upp á greiðslur vaktaálags, yfirvinnu og orlofs. Að auki felur lýsing stefnda á ómanneskjulegum aðstæðum starfsfólks stefnanda Teppanyaki Iceland ehf. í yfirlýsingunni í sér gildisdóm, að því er virðist annars vegar vegna uppgjörs launa til handa starfsfólki stefnandans og hins vegar sökum þess að það bjó í húsnæði á vegum hans. Verður ekki talið að þau ummæli feli í sér saknæma og ólögmæta háttsemi af hálfu stefnda, skýrt í samhengi við annað sem fram kemur í yfirlýsingunni.
116. Stefnendur vísa til þess sérstaklega að stefndi hafi veitt nægjanlega ítarlegar upplýsingar um veitingastaðina Flame og Bambus í yfirlýsingunni svo ekki hafi þurft að nafngreina þá en engu að síður hafi verið ljóst um hvaða staði hafi verið rætt. Í yfirlýsingunni sagði að grunur léki á um stórfelldan launabjófnað á tveimur veitingastöðum í eigu sömu aðila, en þeir hafi verið í póstnúmeri 105 í Reykjavík. Raunar eru umræddir veitingastaðir, Flame og Bambus, ekki í eigu sömu einkahlutafélaga en sömu einstaklingar eiga hins vegar þau félag. Af atvikum málsins er ljóst að sama dag og umrædd fréttatilkynning var birt beindust sjónir að umræddum veitingastöðum, svo sem ráða má m.a. af fréttaumfjöllun Morgunblaðsins og DV. Ágreiningur er milli aðila um hvort umræddar upplýsingar í fréttatilkynningunni hafi verið nægjanlegar til að auðkenna veitingastaðina, en stefndi hefur m.a. vísað til þess að fleiri veitingastaðir í póstnúmeri 105 séu í eigu sömu aðila. Af atvikum málsins verður að telja líkur standa til þess að umræddar upplýsingar í yfirlýsingunni hafi fækkað verulega þeim veitingastöðum sem kæmu til greina að um væri rætt í henni. Óháð því verður ekki fallist á með stefnendum að

saknæmt og ólögmeitt hafi verið af hálfu stefnda að gefa út umrædda yfirlýsingu, jafnvel þótt af henni mætti ráða auðkenni veitingastaðanna. Þannig bjó stefndi yfir nægjanlegum upplýsingum um brot á réttindum starfsfólks samkvæmt kjarasamningi þannig að tilefni væri til umfjöllunar um það og hefur síðar til komið uppgjör við fyrrum starfsmenn stefnanda Teppanyaki Iceland ehf. staðfest framangreint, svo sem að framan greinir. Í ljósi rúms tjáningarfrelsis stefnda, og þess sem að framan greinir, verður ekki fallist á með stefnendum að auðkenning veitingastaða þeirra af hálfu stefnda í samhengi við efnistöð fréttatilkynningarinnar geti talist saknæm og ólögmeitt.

117. Þá vísar stefnandi Borg 16 ehf. sérstaklega til þess að engar forsendur hafi verið til þess að draga veitingastaðinn Bambus, sem umræddur stefnandi rekur, inn í fréttaumfjöllun en eftirlitsheimsókn stefnda hafi ekki lotið að þeim veitingastað. Í eftirlitsheimsókn stefnda 19. ágúst 2022 kom fram í máli starfsfólksins að auk vinnu sinnar á veitingastaðnum Flame innti það á stundum af hendi tiltekna vinnu til handa Bambus. Verður af þeim upplýsingum, sem ekki hafa verið vefengdar, ráðið að starfsfólkið vann jafnframt fyrir veitingastaðinn Bambus, sem er í eigu Borgar 16 ehf., þótt það hafi ekki verið í beinu réttarsambandi við það félag. Þá kom og fram í máli starfsfólksins að þær vinnustundir hefðu ekki verið skráðar. Gáfu umræddar upplýsingar stefnda nægjanlegt tilefni til að víkja jafnframt að veitingastaðnum Bambus í yfirlýsingunni jafnvel þótt eftirlitsheimsókn hefði ekki farið þar fram. Rétt er og að geta þess að fyrir dóminum liggja tölvubréf frá þremur fyrrverandi starfsmönnum stefnanda Teppanyaki Iceland ehf. frá 15. og 16. febrúar 2022, þar sem fram kemur að þeir hafi allir sinnt störfum suma daga fyrir Bambus og þá að morgni dags.

118. Þá byggja stefnendur á því að stefndi hafi mismunað þeim þar sem fyrirvarsmenn stefnenda séu frá Ö. Mál veitingastaða þeirra hafi verið meðhöndluð með öðrum hætti en sambærileg mál. Vísa stefnendur í þessu samhengi til 65. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 85/2018 um jafna meðferð utan vinnumarkaðar og laga nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði. Hvað síðarnefndu lagabálkana áhrærir eiga þeir ekki við um stefnendur, enda gildissvið þeirra afmarkað við einstaklinga, sbr. 1. mgr. 1. gr. beggja laga. Hvað varðar meinta mismunun sökum kynþáttar, sbr. 65. gr. stjórnarskrárinnar, hafa stefnendur engar líkur leitt að því að eftirlitsheimsókn stefnda á veitingastaðinn Flame og umrædd fréttatilkynning hafi tengst uppruna fyrirvarsmanna stefnenda og er málsástæðum stefnenda á þessum grunni hafnað. Þá hafa stefnendur í fyrirbyggjandi samhengi ekki sýnt

fram á að stefndi hafi meðhöndlað málefni þeirra með allt öðrum hætti en annarra sem eins háttaði til um.

119. Samkvæmt framansögðu er ljóst að yfirlýsing stefnda 25. ágúst 2022 rúmaðist innan þess frelsis sem hann nýtur samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttinda-sáttmála Evrópu. Hefur þannig ekki verið fallist á með stefnendum að framsetning ummæla í yfirlýsingunni geti talist sagnæm og ólögæt háttsemi. Af því leiðir að sýkna verður stefnda af kröfum stefnenda um viðurkenningu á skaðabótaskyldu vegna tjóns sökum útgáfu fréttatilkynningar stefnda sem send var fjölmiðlum 25. ágúst 2022.

F

120. Þá krefjast báðir stefnendur viðurkenningar á skaðabótaskyldu stefnda vegna umfjöllun- ar starfsmanna á vegum stefnda í fjölmiðlum í kjölfar fréttatilkynningar stefnda 25. ágúst 2022, annars vegar varðandi Flame í tilviki stefnanda Teppanyaki Iceland ehf. og hins vegar í tengslum við Bambus gagnvart stefnanda Borg 16 ehf. Málsástæður stefnenda til stuðnings umræddum kröfum eru þær sömu.

121. Byggja stefnendur á því að starfsmaður stefnda hafi í kjölfar fréttatilkynningarinnar 25. ágúst 2022 farið nær daglega í viðtöl við fjölmiðla, haldið málinu „lifandi“ og endurtekið ummæli um hugsanlegt mansal, vinnuþrælkun og stórfelldan þjófnað. Sú háttsemi að viðhafa rangar og villandi upplýsingar og í besta falli hálfan sannleik um stefnendur teljist sagnæm háttsemi. Stefndi hafi engar tilraunir gert til að leiðrétta allar þær fjölmörgu röngu fullyrðingar sem hann hafi viðhaft um stefnendur í fjölmiðlum, ekki einu sinni eftir að hið rétta hafi komið fram og stefnendur skorað á stefnda að leiðrétta rangfærslur. Stefndi hafi jafnvel bætt í þegar leið á. Þá hafi stefndi mismunað stefnendum þar sem mál þeirra hafi verið meðhöndlað með öðrum hætti en önnur sambærileg mál. Verkferlum hafi ekki verið fylgt og stefndi hafi búið til mikinn fjölmiðlastorm í kringum málið. Í málatilbúnaði stefnenda er vísað til 27 fréttar í vefmiðlum dagana 26. ágúst 2022 til 4. nóvember s.á.

122. Um stjórnarskrárvarið tjáningarfrelsi stefnda samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 10. gr. mannréttinda-sáttmála Evrópu, og rúmar heimildir hans til tjáningar í ljósi þess sakarefnis sem hér um ræðir er fjallað í kafla E forsendna dómsins sem eiga við að breyttu breytanda um þá kröfu sem hér sætir skoðun. Sama á við um hagsmuni stefnenda sem lögaðila, hvað tjáningu varðar, m.a. samanborið við einstaklinga sem njóta æru- verndar samkvæmt 71. gr. stjórnarskrárinnar.

123. Hvað varðar þær staðhæfingar stefnenda að stefndi hafi í fjölmiðlum haldið því fram að þeir hafi gerst sekir um vinnuþrælkun eða hugsanlegt mansal verður ekki ráðið af gögnum málsins að fulltrúar stefnda hafi viðhaft slík ummæli og vísa stefnendur ekki til dæma því til stuðnings. Raunar sagði starfsmaður stefnda m.a. aðspurður samkvæmt frétt á vefsvæði RÚV 26. ágúst 2022 að málið væri líklegast ekki í farvegi mansalsmáls þar sem starfsfólkið hafi verið frjálst og með vegabréfið sitt.
124. Þá fær heldur ekki stoð í gögnum málsins að starfsmenn stefnda hafi rætt um stórfelldan þjófnað í fréttaumfjöllun heldur kom fram í máli starfsmanns stefnda, svo sem vikið er að í málsatvika­lýsingu, að stefnendur hefðu gerst sekir um stórfelldan launaþjófnað. Sú orðnotkun fulltrúa stefnda var viðhöfð í samhengi við umfjöllun fjölmiðla um launakjör og starfsaðstæður starfsfólks sem var í réttarsambandi við stefnanda Teppanyaki Iceland ehf. og fól þannig í sér gildisdóm en ekki staðhæfingu um refsivert lögbrot stefnenda. Svo sem fyrr er rakið liggur fyrir að umræddur stefnandi greiddi þremur starfsmönnum samtals 13.215.926 krónur auk mótframlags í lífeyrissjóð og launatengdra gjalda, að mestu vegna vangreiddra launa. Þar sem umræddur stefnandi hagaði launauppgjöri gagnvart starfsmönnum með þeim hætti að verulegur misbrestur var á verður ekki talið saknæmt og ólög­mætt af stefnda að lýsa þeirri háttsemi sem stórfelldum launaþjófnaði í ljósi rúms tjáningarfrelsis hans. Sama á við að breyttu breytanda um ummæli starfsmanna stefnda er varða fjölda vinnudaga og vinnuálag.
125. Stefnendur vísa sérstaklega til þess að stefndi hafi ekki gert tilraunir til að leiðrétta fjölmargar rangar fullyrðingar í fjölmiðlum, ekki einu sinni eftir að hið rétta hafi komið fram og stefnendur skorað á hann að leiðrétta rangfærslur. Svo sem rakið er í málsatvika­lýsingu kom fram í gögnum sem hjálögð voru með tölvubréfi frá starfsmanni stefnda til lögmanns stefnenda 1. september 2022 að samkvæmt tímaskráningu á veitingastaðnum Flame hefði í eitt skipti vinnutími starfsmanns verið skráður 13 tímar en vinnutími almennt verið 8–10 tímar. Sama dag birtist frétt á vefsvæði Morgunblaðsins þar sem rætt var við starfsmann stefnda, en í fréttinni kom m.a. fram að starfsmenn Bambus og Flame hefðu unnið allt að 16 tíma á dag á lágmarkslaunum sex daga í viku. Sams konar umfjöllun var um málið á vefsvæði RÚV 2. september 2022 þar sem rætt var við lögmann stefnenda og starfsmann stefnda. Þar var haft eftir hinum síðarnefnda að kröfur Fagfélaganna byggðust á vaktaplönum starfsfólks sem sýni fram á að það hafi unnið a.m.k. 15 tíma vaktir.

126. Fallast má á það með stefnendum að ónákvæmni hafi gætt í ummælum starfsmanns stefnda um fjölda vinnustunda, einkum þegar vísað var til vaktaskráninga, en þar var ekki að finna skráðar vinnustundir upp á 15 eða 16 klukkustundir. Í öðrum viðtölum í fjölmiðlum vísaði starfsmaður stefnda til þess að starfsfólkið hefði unnið allt að 16 tíma á dag, án þess að skírskota sérstaklega til vaktaskráninga því til stuðnings. Telja verður í ljósi atvika málsins að umfjöllun starfsmanns stefnda um lengd vakta hafi nokkuð skýrst af þeim upplýsingum frá starfsfólki stefnanda Teppanyaki Iceland ehf., m.a. við eftirlitsheimsókn, um að tiltekinn vinnutími hefði ekki verið skráður. Þá liggja fyrir dóminum tölvubréf frá þremur fyrrverandi starfsmönnum stefnanda Teppanyaki Iceland ehf. frá 15. og 16. september 2022, þar sem vinnustundir eru sagðar hafa verið 10–14 tímar sex daga vikunnar. Verður í ljósi framangreinds ekki talið að ónákvæm vísun stefnda til fjölda vinnustunda geti talist saknæm og ólögmat háttsemi í ljósi atvika málsins og rúms tjáningarfrelsis hans, sbr. til hliðsjónar fyrrnefndan dóm Landsréttar í máli nr. 724/2021.
127. Þá hafa stefnendur ekki leitt að því líkur að þeim hafi verið mismunað eða mál þeirra hafi verið meðhöndlað með öðrum hætti en sambærileg mál. Á umfjöllun í E-hluta forsendna dómsins við að breyttu breytanda hér, m.a. hvað varðar brot á jafnræðisreglu. Er þeim málsástæðum því hafnað.
128. Þá vísa stefnendur til þess að stefndi hafi ekki fylgt verkferlum og búið til mikinn fjölmiðlastorm um málið, svo sem það er orðað í stefnu. Stefnendur hafa ekki tilgreint nánar til hvaða verkferla er vísað og verður því heldur ekki fallist á umræddar kröfur þeirra á þeim grunni.
129. Samkvæmt framansögðu verður talið að ummæli starfsmanna stefnda í fjölmiðlum í kjölfar fréttatilkynningar hans 25. ágúst 2022 hafi rúmast innan þess frelsis sem hann nýtur samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Hefur þannig ekki verið fallist á með stefnendum að ummæli starfsmanna stefnda í fjölmiðlum geti talist saknæm og ólögmat háttsemi. Af því leiðir að sýkna verður stefnda af kröfum stefnanda um viðurkenningu á skaðabótaskyldu vegna tjóns vegna umfjöllunar starfsmanna á vegum stefnda í fjölmiðlum í kjölfar fréttatilkynningarinnar 25. ágúst 2022.

G

130. Eftir atvikum verður stefndi aðeins dæmdur til að greiða stefnanda Teppanyaki Iceland ehf. hluta málskostnaðar, þ.e. 1.200.000 krónur, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Rétt þykir að málskostnaður milli stefnanda Borgar 16 ehf. og stefnda falli niður.
131. Fyrir hönd stefnenda flutti málið Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður og Flóki Ásgeirsson lögmaður fyrir hönd stefnda.
132. Það athugast að máli þessu var úthlutað til dómara 8. apríl sl. en hann hafði fram að þeim tíma engin afskipti af meðferð þess.
133. Sindri M. Stephensen, settur héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Varakröfum stefnenda, Teppanyaki Iceland ehf. og Borgar 16 ehf., er vísað frá dómi.

Viðurkennd er skaðabótaskylda stefnda, Matvæla- og veitingafélags Íslands, vegna tjóns sem stefnandi, Teppanyaki Iceland ehf., varð fyrir vegna háttsemi starfsmanna á vegum stefnda við eftirlitsheimsókn hinn 19. ágúst 2022 á veitingastaðinn Flame, sem stefnandi Teppanyaki Iceland ehf. rekur.

Stefndi er sýkn af öðrum kröfum stefnenda.

Stefndi greiði stefnanda Teppanyaki Iceland ehf. 1.200.000 krónur í málskostnað. Málskostnaður milli stefnanda Borgar 16 ehf. og stefnda fellur niður.

Sindri M. Stephensen